

SIGURGEIR FINNSSON

Spilaði með Rauðum fiskum í Frakklandi

• á ferðinni • fermingar

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



VETRARLÍF

Fljótandi hótél, ísborgir og ferðir með troðara

Sérblaðið Vetrarlíf

FYLGRIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



INGIBJÖRG EGILS

Ný aðstoðarkona Kalla Berndsen í sjónvarpinu

Ný þáttaröð að hefjast

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

24. febrúar 2010 — 46. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Próunarsamvinna skilar góðum árangri

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna rekkinn á Íslandi.

TÍMAMÓT 18

Hitti klónið

Jón Ársæll Þórðarson hittir klónaða útgáfu af sjálfum sér í Pálma Gestssyni.

FÓLK 22

Skilanevndasiðferði

„FME getur skipað nýjan skilanevndarmann ef einhver hættir. En bara ef einhver hættir,” skrifar Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

UMRÆÐAN 14

Basl á Börsungum

Barcelona mátti þakka fyrir jafntefli gegn Stuttgart í Meistaradeildinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

Björgunarsveit vill þefhesta

Miklir möguleikar eru fólgnir í notkun hesta við björgunarstörf hér á landi. Geta hentað þegar þarf að fara yfir torsótt landsvæði. Einn leitarhestahópur starfandi á landinu. Framtíðarmarkmið að þjálfa þefhesta.

BJÖRGUN Þótt hestar hafi verið notaðir öldum saman hér á landi við leit og smölun á sauðfé hefur minna farið fyrir því undanfarin ár að þarfasti þjónninn sé notaður við leit og björgun á fólki.

Hópur björgunarsveitarfólks í Borgarnesi hefur starfrækt Leitarhesta í Borgarfirði í á annað ár. Halla Kjartansdóttir, forsvarsmáður hópsins, segir hópinn tilbúinn, nú sé beðið eftir útkalli þar sem hestarnir þyki henta.

Unnið er að því að koma slíkum hópum á legg á öðrum svæðum, til dæmis á Suðurlandi og í Skagafirði, enda góð leið til að sameina áhuga á hestamennsku, björgunarstörfum og útivist.

„Hestar komast ótrúlega vel og hratt yfir torsótt land. Knapinn sér betur yfir en fótgangandi björgunarsveitarmaður og hefur meira ráðrúm til að líta í kringum sig,” segir Halla. Reiðmaðurinn hafi að auki annað sett af skynfærum sem næmur knapi geti nýtt sér.

„Við teljum leitarhesta góða viðbót við aðra leitarmöguleika sem nú eru í boði,” segir Halla. „Þetta er hrein viðbót við það sem nú er í gangi. Fólki leitar á alls konar farartækjum, og sum þeirra henta ekki við allar aðstæður.“

Halla segir að framtíðarmarkmiðið sé ekki bara að nota hesta við leit og björgun, heldur að

þjálfa þefhesta. Þeir geti gegnt svipuðu hlutverki og leitarhundar, með því að finna lykt af fólki sem verið er að leita að. Hestar hafa mjög gott þefskyn, og innan leitarhópa í Bandaríkjunum er stundum hluti af hestum hópsins þjálfaður sem þefhestar, segir Halla.

Ekki gengur að senda hvaða hest sem er til leitar, enda verða hestarnir að vera vel tamdir og traustir, fótvissir, sterkir og sjálfstæðir í hugsun. Halla segir þetta til að mynda eiga við marga af þeim hestum sem notaðir séu við smölun. Þá þarf knapinn að hafa þjálfun í björgunarstörfum til að nýttast sem best, þótt einstöku

sinnum hafi verið leitað til óþjálfaðra heimamanna sem þekkja leitarsvæðið vel.

Gallinn við að nota hesta frekar en vélknúin farartæki er að útkallstíminn getur verið lengri. Halla segir mögulegt að leitarhópar á hestum verði frekar notaðir við leit eftir að fyrstu viðbrögð hafi verið sett í gang, til dæmis á öðrum degi leitar eða þegar leit sé efl.

Notkun hesta til leitar og björgunar er þekkt víða um heim. Halla er í forsvari fyrir undirbúningshópi sem vinnur að stofnun fleiri leitarhópa hér á landi. Hún segir mikilvægt að nýta sér reynslu annarra í þessum efnum. - bj



LÍFSINS LEIKUR Þótt kalt sé í veðri skín sólin samt og engin ástæða til að sitja heima með hendur í skauti. Þetta vita þessir efni- legu piltar sem lögðu á ísinn á Reykjavíkurtjörn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Erlent þrjónaáhugafólk: Flygur til Íslands til að þrjóna

FERDIR „Þetta er alveg nýr markhópur í ferðaþjónustu á Íslandi en að skipuleggja þrjónaferðir hefur ekki verið gert áður svo ég viti,” segir Ragnheiður Eiríksdóttir, sem á og rekur Knitting Iceland með Héléne Magnusson þrjónahönnuði.

Mikill áhugi er meðal erlends þrjónafólks á lúxusferðum sem þær stöllur hafa skipulagt og snúast um að þrjóna í íslensku umhverfi. „Með þessa hugmynd komumst við svo inn í verkefni sem kallast Útflutningsaukning og hagvöxtur og er í gangi hjá Útflutningsráði og þar höfum við unnið með skipulag og markaðssetningu þessara ferða síðan í október.“ - jma / sjá allt í miðju blaði



RAGNHEIÐUR EIRÍKSÐÓTTIR

VEÐRIÐ Í DAG

ALLHAVASST NV-TIL Í dag verða norðaustan 8-13 m/s en hvassara NV-til og við SA-ströndina. Víða snjóköma eða él og S- og SV-til síðdegis. Frost 2-10 stíg.

VEÐUR 4

73,8%

23,7%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Stöðug samskipti við breska og hollenska ráðamenn en óvíst hvert stefnir: Viðbragða við svarbréfi beðið

STJÓRN MÁL Ekki fengust formleg viðbrögð við svarbréfi íslenskra ráðamanna við tilboði Breta og Hollendinga um lausn Icesave-málsins í gær. Óvíst er að þau fáiast í dag en í stjórnmálum er vonast til að þau fáiast fyrir vikulok.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra samtöl við ráðherra í Bretlandi, Hollandi og Noregi í gær. Hollenski fjármálaráðherrann, Wouter Bos, lét af embætti í gær í framhaldi afsagnar ríkisstjórnar landsins, og var eitt hans síðasta embættisverk að ræða við Steingrím J. Sigfússon.

Samtölin voru óformleg og í þeim fékkst ekki ádráttur um svör eða nýtt tilboð.

Hluti íslensku samninganefndarinnar hélt til Lundúna í gær og er þar reiðubúinn að ganga á fund með Bretum og Hollendingum, þegar og ef til hans verður blásið. Ytra eru formaðurinn Lee C. Buchheit, Guðmundur Árnason og Lárus Blöndal. Heima sitja Einar Gunnarsson og Jóhannes Karl Sveinsson.

Þó að alls óvíst sé hvenær svarbréfi Íslendinga verður svarað og jafnóvíst sé á hvaða nótum svarið verður ríkir enn sæmileg bjartsýni meðal íslenskra ráðamanna. Þeir benda jú á að engum dyrum hafi enn verið lokað. Tími til samninga sé þó naumur.

Egill Arnason™

PARKET DAGAR

Baltic Wood

Ármúla 8 | Sími: 595 0500

- bps, kóp



María, eru þeir að reyna að salsa undir sig markaðinn?

„Já, þeir eru endalaust að krukka í minni máttar.“

Eigendur veitingastaðarins Santa María við Laugaveg standa nú í stappi við alþjóðlega tex-mex-sósukeðju sem ber sama nafn og selur ótal sósukrúkkur um heim allan á dag. María Hjálmtýsdóttir er annar eigendanna.

Rannsóknarnefnd Alþingis: Svarfresturinn rennur út í dag

BANKAHRUNIÐ Frestur til að gera athugasemdir við efnisatriði í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið rennur út í dag. Tólf manns úr stjórnarsýslunni var gefinn kostur á að skila slíkum athugasemdum og hefur fresturinn til þess einu sinni verið framlengdur.

Ekki liggur fyrir hvenær skýrslunni verður skilað, en til stóð að gera það fyrir lok febrúar. Síðasti dagur mánaðarins er á sunnudag.

Þegar haft var samband við skrifstofu nefndarinnar í gær fengust þau svör að nefndarmenn væru ekki til viðtals.

- sh

Ráðherra varnarmála vestra: Ósáttur við afvopnun Evrópu

BANDARÍKIN, AP Andúð Evrópubúa á hernaði kemur í veg fyrir að Atlantshafsbandalagið geti sinnt stríðsrekstri sínum svo vel sé. Þetta segir Robert



ROBERT GATES

Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjaanna, á fundi í Washington með yfirmönnum úr herjum Evrópuríkja. „Afvopnun Evrópu,“ segir hann, „hefur þróast úr því að vera blessun á 20. öldinni yfir í að hamla því að raunverulegt öryggi og varanlegur friður náist á 21. öld.“

Hættan er sú, að mati ráðherrans, að hugsanlegir andstæðingar í framtíðinni hætti að taka mark á NATO.

- gb

Mikil uppstokkun í ríkisstjórn Danmerkur:

Nýr ráðherra í flest ráðuneyti

DANMÖRK, AP Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, gerði mikla endurnýjun á ríkisstjórn sinni í gær. Skipt var um stjórnendur í sextán af alls nítján ráðuneytum ríkisstjórnarinnar.

Einna mestum tíðindum þótti sæta að Lene Espersen, leiðtogi Íhaldsflokksins, er orðin utanríkisráðherra, en Per Stig Møller er farinn úr því ráðuneyti yfir í umhverfisráðuneytið.

Þá tekur Gitte Lillelund Bech við utanríkisráðuneytinu af Søren Gade, sem hættir í ríkisstjórninni. Hann hefur undanfarna mánuði



GLATT Á HJALLA Lars Løkke Rasmussen í hópi nýrra ráðherra. Lene Espersen, sem tók við embætti utanríkisráðherra, er vinstra megin við forsætisráðherrann á myndinni.

NORDICPHOTOS/APP

sætt mikilli gagnrýni eftir að áformum um að senda danska sér-

svetarmenn til Íraks árið 2007 var lekið í fjölmiðla áður en þinginu var greint frá þeim áformum. Grunur leikur á að leikinn hafi komið frá utanríkisráðuneytinu.

Þær Espersen og Lillelund Bach eru fyrstu konurnar sem gegna embættum utanríkis- og varnarmálaráðherra í Danmörku.

Uppstokkunin er ekki óvænt, því reiknað hafði verið með henni allt frá því Lars Løkke Rasmussen tók við forsætisráðherraembættinu fyrir tæpu ári af, þegar sá síðarnefndi varð framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins.

- gb

Héraðsdómur Reykjaness:

Framlengt á fimm Litháa

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjaness framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir fimm litháískum karlmönnum til 8. mars. Tveir þeirra kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar.

Mennirnir sem um ræðir eru ákærðir, auk eins Íslending, fyrir mansal gagnvart nítján ára litháískri stúlku. Þá eru sumir úr hópnum ákærðir fyrir hylmingu, líkamsárásir, hótanir og fjárkúgun.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um að þeir tengist allir glæpasamtökum í Litháen.

- jss

Umframorka Landsvirkjunar eftirsótt

Þrjú stóriðjufyrirtæki sækjast eftir 40 megavatta umframorku í raforkukerfi Landsvirkjunar. Fyrstur kemur, fyrstur fær, segir talsmaður Landsvirkjunar.

ORKUMÁL Mikil sókn er í þá umframorku sem til er í raforkukerfi Landsvirkjunar. Að minnsta kosti þrjú stóriðjufyrirtæki sækjast eftir umframorkunni. „Fyrstur kemur, fyrstur fær,“ segir Agnar Olsen, staðgengill forstjóra Landsvirkjunar.

Gagnaver Verne Holding á Keflavíkurflugvelli hefur þegar tryggt sér 25 megavött úr þeim potti, sem Landsvirkjun hefur til



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

ráðstöfunar án þess að ráðast í nýjar virkjanir. Eftir standa þá um 40 megavött. Gagnaver, sem fyrirtækið Greenstone hyggst reisa við Blönduós, og kísilmálmverksmiðja, sem Tomahawk er með á þrjónunum í Helguvík, ásælast bæði þá orku.



AGNAR OLSEN

Að auki nefndi Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra nýlega að hún sæi ekkert því til fyrirstöðu að Landsvirkjun ráðstafaði þessari sömu umframorku til álvers Norðuráls í Helguvík en raforkuþörf þess hefur ekki enn verið leyst.

Stjórn Landsvirkjunar samþykkti sumarið 2007 að gera ekki nýja samninga um sölu raforku til álvera á Suðvesturlandi. Í samræmi við það hefur Landsvirkjun engar viðræður átt um að leggja Norðuráli til raforku



STÓRIÐJA Landsvirkjun á 40 MW til ráðstöfunar án þess að ráðast í nýjar virkjanir. Iðnaðarráðherra hefur nefnt þann möguleika að álver í Helguvík fái þá orku til bráðabirgða. Gagnaver á Norðurlandi og kísilmálmverksmiðja í Helguvík sækjast eftir þessum sömu megavöttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mín grundvallarafstaða er sú að Landsvirkjun eigi að reka með því sjónarmiði að hún fái sem mest fyrir sína orku.“

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR
IÐNAÐARRÁÐHERRA

vegna Helguvíkurverkefnisins.

Katrín Júlíusdóttir sagði við Fréttablaðið að hún telji koma til greina að Landsvirkjun kanni möguleika á að útvega álverinu í Helguvík tímabundið orku af umframorku sinni. „Mín grundvallarafstaða er sú að Landsvirkjun eigi að reka með því sjónarmiði að hún fái sem mest fyrir sína orku,“ sagði Katrín. Ef

stjórn fyrirtækisins telji þjóna því markmiði gæti fyrirtækið ákveðið að brúa bil fyrir álverið í Helguvík, meðan unnið er að því að byggja upp afkastagetu jarðvarmavirkjana á Hengilssvæðinu og Reykjanesi.

„Auðvitað er alltaf hægt að endurskoða svona samþykktir,“ segir Agnar Olsen. „Það er ekki komið í neina alvöllumræðu; það á alveg eftir að skoða það betur.“

Landsvirkjun hefði enga aðkomu haft að orkuöflun álversins í Helguvík.

Umframafll Landsvirkjunar nemur nú um 40 megavöttum af 1.860 megavatta uppsettu afli sem framleitt er með 37 vélum í virkjunum Landsvirkjunar.

peturg@frettabladid.is

Sérstakur saksóknari:

Niðurfellingar Kaupþings enn til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Embætti sérstaks saksóknara rannsakar enn hvort niðurfelling persónulegra ábyrgða starfsmanna Kaupþings vegna hlutabréfa-kaupa í bankanum samræmist lögum.

Ólafur Þór Hauksson segir málið hafa marga fleti en sé þó ekki í sérstökum forgangi enda liggja embættinu ekki á að tryggja sér aðgang að gögnum vegna þess eins og í öðrum málum.

Stjórn Nýja Kaupþings, nú Arion, ákvað á sínum tíma að bíða með að taka endanlega ákvörðun um niðurfellingarnar þar til saksóknari hefði lokið rannsókninni. Lánin, alls 47,3 milljarðar, voru þó færð yfir í Nýja Kaupþing á núlli, að því er Viðskiptablaðið fullyrti í síðustu viku.

- sh

Afkomuviðvörðun Eik banka:

Tvöfalt meira tap en spáð var

VIÐSKIPTI Stjórnendur Eik banka í Færeyjum segja útlit fyrir að tap bankans muni nema frá 310 til 329 milljónum danskra króna, jafnvirði allt að 7,7 milljarða íslenskra, í fyrra.

Þetta kemur fram í afkomuviðvörðun bankans í gær. Í október í fyrra var gert ráð fyrir helmingi minna tapi. Verri afkoma skrifast á niðurfærslu á dönskum fasteignalánnum.

Haft er eftir Marnar Jacobsen, bankastjóra Eik banka, í afkomuviðvörðuninni að afar leitt sé að greina frá svo slæmri afkomu og sé hún langt í frá viðunandi.

- jab

Flugumferðarstjórar með samninga lausa í fjóra mánuði og ræða verkfallsboðun:

Reikna með verkföllum í mars

KJARAMÁL Félagsmenn í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) samþykktu á aðalfundi félagsins á mánudagskvöld að fela stjórn og trúnaðarráði félagsins að hefja undirbúning atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls. Í gærkvöldi útfærði svo trúnaðarráð félagsins atkvæðagreiðsluna nánar, það er hvers konar verkfallsaðgerðir félagsmenn fá um að velja.

Nokkra daga tekur að undirbúa atkvæðagreiðslu og greiða atkvæði, auk þess sem gefa verður lögbundinn fyrirvara, segir Ottó Garðar Eiríksson, formaður félagsins. Hann telur líklegt að lagt verði til að verkfall verði boðað fyrri hluta marsmánaðar. Spurður hvort um fleiri en eitt tímabundið verkfall verði að ræða, eins og oft hefur verið hjá flugumferðarstjórum, segir Ottó það líklegt.

Samningur FÍF við Samtök atvinnulífsins og Flugstöðir rann út í lok október síðastliðnum. Loftur Jóhannsson, formaður samninganeftdar félagsins, segir að markmið flugumferðarstjóra sé að ná fram launahækkun í takt við aðrar stéttir í flugeiranum.

Byrjunarlaun flugumferðarstjóra eru nú rúmlega 300 þúsund krónur á mánuði. Með vaktaálagi fara byrjunarlaunin nærri 400 þúsund krónum á mánuði. Launin hækka með starfsaldri og lífaldri. Þannig



VERKFAÐ Atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls flugumferðarstjóra kemur í kjölfar skammvinnis verkfalls flugvirkja hjá Icelandair.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

gæti 59 ára flugumferðarstjóri verið með um 570 þúsund krónur í laun fyrir dagvinnu, segir Loftur. Hann bendir á að laun flugumferðarstjóra í nágrannalöndunum séu á bilinu 70 til 160 prósentum hærri en hér á landi.

- bj

RSÍ krefst ...

... þess að rekstur fyrirtækja sé reistur á ábyrgð og siðferði.

Nánari upplýsingar á www.asi.is



TOYOTA

Við erum Toyota Kletthálsi



UMBOÐSSÖLUBÍLL



Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 11.05
Ekinn: 86.000 km
Verð: 5.990.000 kr.
Skr.nr. RH 587

UMBOÐSSÖLUBÍLL



Daihatsu Trevis h/b
1000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.09
Ekinn: 100 km (Nýr bíll)
Verð: 1.990.000 kr.
Skr.nr. NFX46

UMBOÐSSÖLUBÍLL



Toyota Yaris
1400 dísil beinsk.
Á götuna: 05.07
Ekinn: 49.000 km
Verð: 2.090.000 kr.
Skr.nr. VN 244

UMBOÐSSÖLUBÍLL



Toyota Land Cruiser 100
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 10.05
Ekinn: 151.000 km
Verð: 7.200.000 kr.
Skr.nr. NE 619
Gott eintak

UMBOÐSSÖLUBÍLL



Toyota Prius Hybrid
1500 bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 04.06
Ekinn: 51.000 km
Verð: 2.630.000 kr.
Skr.nr. YI 755

GÆÐABÍLL



Nissan Pathfinder LE
4000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.06
Ekinn: 67.000 km
Verð: 4.990.000 kr.
Skr.nr. LZ 545
Beta verð: 3.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



Toyota Verso Terra
1600 bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna: 05.08
Ekinn: 29.600 km
Verð: 2.790.000 kr.
Skr.nr. YVA 75

ÚRVALSBÍLL



Toyota Auris Terra
1400 dísil 5 gíra beinsk.
Á götuna: 06.08
Ekinn: 41.600 km
Verð: 2.490.000 kr.
Skr.nr. MHN 73

GÆÐABÍLL



Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 05.05
Ekinn: 105.000 km
Verð: 5.930.000 kr.
Skr.nr. ON 301

GÆÐABÍLL



Toyota Rav4
2000 bensín beinsk.
Á götuna: 05.04
Ekinn: 101.200 km
Verð: 2.180.000 kr.
Skr.nr. YI 021
Beta verð: 1.890.000 kr.

Ertu að selja bílinn þinn?

Skráðu hann þá hjá Toyota Kletthálsi.
Tökum allar tegundir bíla í umboðssölu.

Afgreiðslutími:

Virka daga: 09.00 - 18.00

laugardaga: 12.00 - 16.00

Sími: 570-5220

Ertu að leita að notuðum bíl?

Þú finnur hann hjá Toyota Kletthálsi.
Erum með gott úrval af Toyota bílum sem og
öðrum tegundum á svæðinu til sölu og í umboðssölu.

Komdu á Klettháls, við tökum vel á móti þér.

Toyota Kletthálsi
Kletthálsi 2
www.bnb.is



**Today
Tomorrow
Toyota**

| GJALDMÍDLAR | KAUP SALA | |
|-------------|-----------------|---------------|
| | Bandaríkjadalur | 127,94 128,56 |
| | Sterlingspund | 197,33 198,29 |
| | Evra | 174,04 175,02 |
| | Dönsk króna | 23,380 23,516 |
| | Norsk króna | 21,675 21,803 |
| | Sænsk króna | 17,784 17,888 |
| | Japanskt jen | 1,4059 1,4141 |

| | | |
|-----------------------------|----------|--------|
| SDR | 195,84 | 197,00 |
| GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR | | |
| | 230,2902 | |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands | | |

Eftirlit með skilaneftndum þarf að vera mjög öflugt, segir viðskiptasiðfræðingur:

Tveir skulduðu 4,7 milljarða

VIÐSKIPTI „Þegar menn í skilaneftndum eru með milljarðalán í annarri lánastofnun þarf að vera mjög öflugt eftirlit með þeim. Menn geta fallið í freistni,“ segir Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur og kennari við Háskólann í Reykjavík.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að félag í eigu Heimis V. Haraldssonar endurskoðanda, sem situr í skilaneftnd Glitnis, hafi í lok árs 2008 skuldað 1,2 milljarða króna, að mestu í Landsbankanum. Þá greindi DV frá því um miðjan mánuðinn að félag, sem lögmað-



STEFÁN EINAR STEFÁNSSON

urinn Ólafur Garðarsson á rúmlega 22 prósentu hlut í, skuldaði Icebank 3,5 milljarða króna í lok sama árs. Ólafur situr í slita-stjórn Kaupþings.

Haft var eftir Gunnari Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME), í Fréttablaðinu í gær að almennt væri ekki viðeigandi að félag fólks í

skilaneftndum glímdu við mikla skuldabyrði. Skilaneftndir voru skipaðar í óþagoti við fall bankanna haustið 2008 og fjárhagslegir hagsmunir skilaneftnda ekki kannaðir í þau. Sem dæmi átti Heimir frumkvæðið að því að gera grein fyrir hagsmunum sínum gagnvart Landsbankanum.

Stefán segir geta verið flókið mál að skipa í skilaneftndir. Bæði verði að hafa í huga að viðkomandi geti staðið í skuld við bankann, verið í hópi kröfuhafa eða unnið hjá fyrirtækjum, sem eigi kröfu á hann.

Starfsmaður Oddeyrarskóla:

Grunur um barnanetklám

LÖGREGLUMÁL Starfsmaður Oddeyrarskóla á Akureyri er til rannsóknar hjá lögreglu vegna gruns um að hann hafi verið með barnanetklám í vörslu sinni. Að auki eru önnur samskipti hans á netinu til athugunar hjá lögreglu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er um eldri mann að ræða, sem tilheyrir starfsliði skólans. Maðurinn var handtekinn í skólanum í fyrradag og hald lagð á tölvubúnað sem hann hafði aðgang að. Málið er ekki talið umfangsmikið.

Flugmenn hjá Lufthansa: Verkfalli frestað en tafir áfram

ÞÝSKALAND, AP Flugmenn þýska flugfélagsins Lufthansa eru hættir í bili við verkfall sitt, sem hófst á mánudag og átti að standa í fjóra daga.

Tafir verða engu síður áfram á ýmsum flugleiðum í Þýskalandi næstu daga. Þeir héldu aðeins út í einn dag, en samningaviðræðum verður haldið áfram. Kröfur flugmannanna snerust ekki síst um að áhafnir flugfélaga í eigu Lufthansa í öðrum löndum fengju sömu laun og áhafnir Lufthansa í Þýskalandi. Þannig hugðust þeir tryggja að lægra launaðar áhafnir yrðu ekki ráðnar í störf þeirra. - gb

Færðu eign yfir á eigin nöfn: Einn milljarður hvílir á hóteli

EFNAHAGSMÁL Vedbönd upp á rúman milljarð króna hvíla á 101 hóteli Jóns Ásgeirs Jóhannssonar og Ingibjargar Pálmadóttur. Hótelið var áður skráð á IP Studíum, en hefur verið fært yfir á nöfn Jóns Ásgeirs og Ingibjargar. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar tvö í gærkvöld.

Skilaneftnd Landsbanka, sem á stærstu áhvílandi kröfuna á fasteigninni, tjáði Stöð tvö í gær að nefndinni væri ekki kunnugt um eignarhaldsbreytinguna, en Ingibjörg vildi ekki tala við stöðina í gær. - þþ

LÖGREGLUFRETTIR

Verðmætum stolið úr bílum

Brotist var inn í nokkra bíla á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu um helgina, meðal annars á bílastæðum við útivistarsvæði. Úr þeim var til dæmis stolið GPS-tækjum, veskjum með greiðslukortum í, radarvara og lpod.

Margt rangt í skýrslu Bandaríkjamannsins

Utanríkisráðherra segir að ekki megi taka of mikið mark á minnisblaði æðstráðanda í sendiráði Bandaríkjanna. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir upplýsingar í því alvarlegar. Það beri með sér að ríkisstjórnin tali ekki fyrir málstað Íslands.

ALÞINGI Margt í minnisblaði staðgengils sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi af fundi hans með íslenskum embættismönnum er rangt. Þetta sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra í umræðum um málið á Alþingi í gær.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að í minnisblaðinu kæmu fram athyglisverðar og alvarlegar upplýsingar með hliðsjón af hagsmunum Íslands. Það beri með sér að ríkisstjórnin hefði lagt sig fram um að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin, ekki hafi verið efst á baugi að tala fyrir málstað Íslands og að reynt hafi verið að velta Icesave-vandamálinu yfir á Norðmenn. Bjarni sagði alvarlegast að fulltrúar stjórnvalda skyldu á fundinum í bandaríska sendiráðinu tala um þjóðargjaldþrot og greiðslufall Íslands á næsta ári. Sú óþægilega tilfinning læddist að sér að hagsmunir ríkisstjórnarinnar fari ekki saman með hagsmunum þjóðarinnar.

Össur varaði menn við að taka of mikið mark á fundargerðinni, margt í henni væri ekki rétt. Sjálfur kannaðist hann ekki við ýmislegt og annað virtist tekið upp úr fréttum. Sagði hann fráleitt að starfsmenn utanríkisþjónustunnar hefðu lýst yfir greiðslufalli á næsta ári yrði Icesave-lögunum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu en benti á að ríkisstjórnin hefði sent forsetanum gögn þar sem talað



SENDIRÁÐ BANDARÍKJANNA Í REYKJAVÍK Utanríkisráðherra segir staðgengil bandaríska sendiherrans hafa í mörgu farið rangt með það sem fram kom á fundi hans með starfsmönnum íslensku utanríkisþjónustunnar.

væri um auknar líkur á ætluðu greiðslufalli. Sagði hann að endingu að fundurinn í sendiráðinu hefði verið partur af fundalotu með sendimönnum erlendra ríkja á Íslandi og íslenskra sendimanna erlendis með þarfundum stjórnvöldum.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, átalði málflutning ríkisstjórnarinnar erlendis og beindi sjónum sérstaklega að efnahags- og viðskiptaráðherranum. Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknar, sagði að ef lýsing sendiráðsmannsins væri

röng þyrftu réttar upplýsingar að koma fram.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður VG, sagði mikilvægast að áfram yrði málstaður Íslands kynntur erlendis. Hafnaði hún kenningum um að stjórnvöld reyndu að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þór Saari, Hreyfingunni, sagði framgöngu sendiherra Íslands í Washington á fundinum hneykslanlega. Hann ætti að kalla heim og sjálfsagt væri að hann bæði forseta Íslands og þjóðina alla afsökunar á orðum sínum.

bjorn@frettabladid.is



FRÁ DÚBAÍ Fasteignaverð hrundi um fimmtíu prósent í Dúbaí í fyrra.

Botninn nálgast í Dúbaí: Fasteignaverð upp á næsta ári

DÚBAÍ, AP Niðursveifla á fasteignamarkaði í borgarríkinu Dúbaí er að ná botni og mun fasteignaverð leita upp á við í byrjun næsta árs. Þetta er mat Markus Giebel, forstjóra Deyaar Development, eins af umsvifamestu verktakafyrirtækjum ríkisins.

Fasteignaverð í Dúbaí náði hæstu hæðum síðla árs 2008 en hrundi um helming á tæpu ári þegar erlendir fjárfestar, sem dælt höfðu fjármagn inn í landið, hurfu þegar alþjóðlegir lánsfjármarkaðir lokuðust.

Sjúkrahús Róberts Wessman: Ríkið leggur til 100 milljónir

HEILBRIGÐISMÁL Ríkið leggur hundrað milljónir í að endurbýggja gamla hersjúkrahúsið á hersvæðinu í Keflavík. Iceland Healthcare, félag Róberts Wessman, mun síðan leigja sjúkrahúsið af ríkinu, til að reka þar einkaspítala. Stöð tvö greindi frá þessu í gærkvöldi.

Framlagið fer í gegnum félagið Seltún, undir Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar, sem er í ríkiseigu.

Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, spyr hvort rétt sé að láta skattfé í einkarekið heilbrigðiskerfi um leið og skorið er niður í almannajónustu.

SGS krefst...

... þess að öryggi fjölskyldna í efnahagsvanda sé tryggt. Rétturinn er fólksins, ekki rukkaranna.

Starfsgreinasamband Íslands

Nánari upplýsingar á www.asi.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

VÍÐA SNJÓKOMA
Síðdegis er útlit fyrir snjókomu við suðurströndina og seint í dag má búast við snjókomu suðvestan til og þar á meðal í höfuðborginni. Næstu daga verður víða ofankoma og ekki útilokað að hún verði talsverð sums staðar sunnan heiða.

Á MORGUN
Strekkingur NV- og V-til, annars hægar.

FÖSTUDAGUR
5-10 m/s en hvasst við S-ströndina.

| HEIMURINN | |
|-----------------|-----|
| Alicante | 17° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 6° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 8° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 10° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 7° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -5° |
| París | 12° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



www.vordur.is



Viðskiptavinir Varðar eru ánægðustu viðskiptavinir
Íslenskra tryggingafélaga*.

ÍSLENSKA SÍLA SÍ VOR 4/2012 02/10

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

Borgartúni 25 · 105 Reykjavík · Sími 514 1000



*Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2009.



Tækir þú strætó oft af hámarksbið eftir honum væri fimm mínútur?

| | |
|-----|------|
| Já | 70,3 |
| Nei | 29,7 |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að fara og kjósa um gamla Icesave-samninginn ef betri samningur verður í boði?

Segðu skoðun þína á Vísí.is



Bæjarfulltrúi Framsóknar í Kópavogi greinir frá nýskráningum í flokkinn:

Halldór og Gunnarsdætur í Framsókn

STJÓRNMÁL Báðar dætur Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra í Kópavogi, eru gengnar í Framsóknarflokkinn. Það sama á við um tengdasyni hans og Halldór Jónsson, verkfræðing og einn nánasta pólitíska trúnaðarmann Gunnars.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins, vekur athygli á þessu á bloggsíðu sinni.

„Ekki er ég að fara grenja yfir því, heldur fagna ég þessum nýju félögum. Því ég veit að þau eru að gera þetta af góðum hug fyrir Einar Kristján,“ skrifar Ómar, og vísar þar til Einars Kristjáns Jónssonar, keppinautar síns og Gísla Tryggvasonar um efsta sætið á lista Framsóknarflokksins.

„Ég veit ekkert á hvers vegum fólk skráir sig í Framsóknarflokkinn,“ sagði Einar Kristján í samtali við Fréttablaðið í gær og þvertók fyrir það að hann



ÓMAR STEFÁNSSON



GUNNAR I. BIRGISSON



HALLDÓR JÓNSSON

hefði myndað einhvers konar bandalag með Gunnari Birgissyni um samstarf þeirra í milli.

Þá bendir hann á að flokkskrá Framsóknarflokksins sé trúnaðarmál og það sé mjög óeðlilegt af Ómari og brot á persónuverndarlögum að birta opinberlega upplýsingar um nýskráningar í flokkinn.

Brot gegn valdstjórninni:

Kýldi lögreglumann í andlitið

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir brot gegn valdstjórninni.

Manninum er gefið að sök að hafa kýlt lögreglumann í andlitið. Atvikið átti sér stað í nóvember 2009. Maðurinn var í fangaklefa á lögreglustöðinni á Húsavík. Lögreglumaðurinn hafði afskipti af honum vegna skyldustarfa sinna og brást maðurinn við með þessum hætti.

Lögreglumaðurinn hlaut eymsli, mar og fleiður á nef og efri vör.

- jss

Mikið álag á húð- og kynsjúkdómadeild

Sérstaklega erfiður tími er á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans þessa dagana, að sögn Jóns Hjaltalín Ólafssonar, yfirlæknis deildarinnar. Mikið álag hefur verið á starfsfólki, meðal annars vegna niðurskurðar á deildinni.

HEILBRIGÐISMÁL Álagstoppur hefur verið á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss að undanfögnu og allnokkur bið eftir að komast að.

„Á deildinni háttar þannig til að bið eftir viðtali getur verið lengri eða skemmri eftir aðstæðum hjá okkur,“ segir Jón Hjaltalín Ólafsson, yfirlæknir á deildinni. „Stundum getur verið löng bið, stundum er engin bið. Að undanfögnu hefur fólk þurft að bíða allnokkuð til að komast í viðtal.“

Jón segir mikið álag hafa verið á starfsfólki deildarinnar að undanfögnu.

„Við höfum verið með heldur færri lækna en áður,“ útskýrir hann. „Staðan er því sérstaklega erfið núna. Það getur verið tveggja vikna bið eftir að komast að hjá lækni og vika eftir að fá tíma hjá hjúkrunarfræðingi. Venjulega leiðin er sú, að séu engin einkenni til staðar fær fólk tíma hjá hjúkrunarfræðingi. Hann tekur sýni hjá viðkomandi. Reynt eitthvað vera að vísa hjúkrunarfræðingarnir á lækna, þar sem viðkomandi fær tíma í meðferð.“

Ef sjúklingar lýsa einkennum þegar tími er pantaður, svo sem kvíðverkjum, sviða eða að þeim líður mjög illa er auðvitað reynt að sinna þeim fyrr og þeir teknir aukalega inn ef hægt er. Svo getur fólk alltaf leitað á heilsugæsluna, til húð- og kynsjúkdómalækna eða kvensjúkdómalækna ef það fær ekki þá þjónustu sem það óskar eftir hjá okkur.“

Jón segir þetta fyrirkomulag, að einkennalausir fái fyrst viðtal hjá



HÚÐ- OG KYNSJÚKDÓMADEILD Mikið álag hefur verið á deildinni að undanfögnu og allnokkur bið eftir því að komast að hjá læknum hennar.

Staðan er því sérstaklega erfið núna. Það getur verið tveggja vikna bið eftir að komast að hjá lækni og vika eftir að fá tíma hjá hjúkrunarfræðingi.

JÓN HJALTALÍN ÓLAFSSON
YFIRLÆKNIR

hjúkrunarfræðingi haft á til þess að spara læknatíma. Hins vegar séu hjúkrunarfræðingarnir einnig í erfiðleikum nú þar sem verið sé að skera alls staðar niður, ekki síst hjá húð- og kynsjúkdómadeild þar sem deildin hefur meðal annars þurft að sjá á eftir reyndum hjúkrunarfræðingi og ekki fengið að ráða annan í staðinn.

„Það er erfiður tími hjá okkur

núna,“ segir Jón. „Læknar hafa þurft að fara í frí, það hafa verið veikindi og svo mætti áfram telja.“

Jón telur að ástandið muni lagast eftir nokkrar vikur.

Spurður hvort komið hafi til þess að þurft hafi að vísa fólki á einkastofur úti í bæ segir Jón ekki mikið um það. „En auðvitað kemur það fyrir ef við ráðum ekki við tilfellið hér á deildinni. Það er ýmislegt sem við getum ekki gert hér. Við höfum til dæmis ekki tæki né mannafla til að sinna erfiðari meðferðum gegn sumum kynsjúkdómum. Viðkomandi einstaklingur er þá vísað á stofur úti í bæ, ekki síst til kvensjúkdómalækna og kynsjúkdómalækna.“

jss@frettabladid.is

DAGUR MENNTUNAR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Ráðstefna á Grand Hótelu um mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðaþjónustu
25. febrúar kl.13:30-17:00.

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á
WWW.SAF.IS

Stefnumót 2030

Miðborgin

Morgunfundur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, 25. febrúar kl. 08.30 - 10.00

Nýtt aðalskipulag - Ávarp
Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs

Miðborgin, fortíð, nútíð, framtíð
Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri

Borg/ari
Sigrún Birgisdóttir, arkitekt, lektor við Listaháskóla Íslands

Reykjavík með augum ferðamannsins
Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu

Húsvænd eftir bólu
Snorri Freyr Hilmarsson, formaður Torfusamtakanna

Miðborgarspjall
Páll Hjaltason, arkitekt

Að byggja borg
Steinþór Kárasón, arkitekt

Umræður
www.adalskipulag.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

Fjórir af hverjum fimm eru andvígir því að Jóhannes í Bónus fái hlut í Högum:

Segir könnun engu breyta

KÖNNUN Rúmlega 80 prósent þeirra sem afstöðu taka í skoðanakönnun MMR eru andvígir því að Jóhannes Jónsson, kenndur við Bónus, fái að kaupa allt að tíu prósent hlut í Högum af Arion banka.

Alls sögðust rúmlega 59 af þeim sem afstöðu tóku mjög andvígir því að Jóhannes fái að kaupa hlut, en 21 prósent sögðust frekar andvígir. Um þrettán prósent sögðust frekar fylgjandi kaupum Jóhannesar, og sjö prósent mjög fylgjandi.

„Mér er alveg sama hvað kemur út úr þessari skoðanakönnun,“ segir Jóhannes í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segist ekki taka niðurstöðurnar til sín. Þær hafi engin áhrif á ákvörðun um hvort hann hyggtist kaupa hlut í fyrirtækinu.

Spurður hvort hann telji það geta skaðað Haga verði hann í eiginahópi fyrirtækisins segir Jóhannes: „Þetta bull sem er búið að vera í gangi getur skaðað, en hefur sem betur fer ekki gert það enn þá.“

Ólafur Þór Gylfason, framkvæmdastjóri MMR, segir að spurningin hafi verið sett inn í könnun fyrirtækisins að eigin frumkvæði. Starfsmenn MMR velji gjarnan nokkrar fréttatengdar spurningar til að setja inn í hverja könnun.



JÓHANNES JÓNSSON Segist ekki taka niðurstöður skoðanakönnunarinnar til sín og þær hafi engin áhrif á ákvörðun um hvort hann hyggtist kaupa hlut í fyrirtækinu.

Spurt var: Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að Jóhannes Jónsson (Jóhannes í Bónus), starfandi stjórnarformaður Haga, fái að kaupa allt að 10 prósent hlut í Högum af Arion banka? Tæplega 83 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

- bj

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

HUGO
HUGO BOSS

gardeur®

CANALI

POLO  RALPH LAUREN

PAL ZILERI

FINUCCI
collezione

bugatti


MABRUN

LLOYD

BELLINI

OPIÐ
VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Troðfull
verslun af
merkjavöru!



Herra

Tagewinn
outlet

líka fyrir konur

40% 50%
og 60%

afsláttur
af öllum vörum

ath. 60% afsláttur

af allri kvenvöru frá

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)



- 1 Hvað heitir bæjarstjórnin í Kópavogi?
- 2 Hvers konar verkmiðju vilja sveitarfélög á Norðurlandi reisa?
- 3 Hvaða íslenska veitingastað reynir erlent risafyrirtæki að skikka til að skipta um heiti?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Samtök fjárfesta komu vel undan hruninu og funda um stöðu hluthafa: Eiga hundruð milljóna í sjóði

VIÐSKIPTI „Félagsmönnum hefur ekki fækkað þrátt fyrir hrunið. Í síðasta félagatali voru þeir um fimmtán hundruð. Færri þeirra eiga nú hlutabréf,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. Samtökin halda almennan fund í dag þar sem fjallað verður um nokkur dómsmál sem gengið hafa að undanförunu, svo sem gegn Glitni og Straumi.

Vilhjálmur segir samtökin hafa komið vel undan efnahagshruninu. Þau keyptu hlutabréf í Verðbréfabingi í kringum 1995,



VILHJÁLmur BJARNASON

höfðu arð af fjárfestingunni og fengu dágóða summu þegar sænska kauphallarsamstæðan OMX tók þá íslensku yfir árið 2007. Söluandvirðið var í sænskum krónum. Það hefur frá upphafi legið inni á reikningi, nemur nú sjö hundruð milljónum króna og lýtur bæði stjórn samtakanna og viðskiptaráðuneytis.

Einu tekjur sjóðsins eru vextir á reikningnum. Fé úr sjóðnum er nýtt til rekstrar samtakanna og er Vilhjálmur eini launaði starfsmaður þeirra. Eina eign samtakanna til viðbótar eru hlutabréf í Kauphöllinni upp á um sextíu milljónir króna.

Ekki eru greidd félagsgjöld í Samtökum fjárfesta. Vilhjálmur segir það hafa verið reynt síðast fyrir um fjórum árum. Vilhjálmur segir innheimtuna hafa verið dýra og því ákveðið að fella hana niður þegar söluandvirðið skilaði sér á sínum tíma. -jab

Brotist inn í vinnubúðir: Vörubílsfarms af þýfi leitað

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í vinnubúðir við Herdísarvík sem eru á vegum verktaka við Suðurstrandarveg í gærmorgun eða fyrradag.

Auk iðnaðarvéla var mörgum heimilistækjum stolið. Má þar nefna uppbyggivél, frystikistur, þvottavél, þurrkara, gaseldavél, gufuofn, hrærivél, örbylgjuofn, flatskjá og fjölda búsaáhalda. Til verksins hefur þurft stóran flutningabíl. Lögreglan á Selfossi biður þá sem veitt geta upplýsingar að hafa samband í síma 480 1010. -jss



SJÓVÁ Margt bendir til að Sjóvá sé annað tveggja tryggingafélaga sem FME hafi skoðað og gagnrýnt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHLEM

FME gagnrýnir tryggingafélög: Viðskipti Sjóvár og TM skoðuð

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið (FME) hefur gert athugasemdir við viðskipti tryggingafélagsins Elísabet, sem er í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar (TM), og annars félags, sem ekki er nefnt á nafn. Flest bendir til að þar sé átt við Sjóvá.

FME skoðaði iðgjöld og viðskiptahætti váttryggingafélaga. Í tilfalli Elísabetar laut athugasemdin að framsetningu auglýsinga og að ekki hafi komi fram með nógu skýrum hætti að vörumerkið Elísabet væri í eigu TM. Brugðist var við athugasemdu FME innan tilskilinna tímamarka, að því er segir í tilkynningu. -jab

Schengen-aðild betri en að standa utan samstarfsins

Yfirvöld stæðu frammi fyrir alvarlegri vandamálu utan Schengen-samstarfsins en innan. Aðild fylgir aðgangur að mikilvægu upplýsingakerfi. Ísland hefur greitt tæpan milljarð króna vegna aðildarinnar.

ALPINGI Ísland hefur frá 1996 greitt tæpan milljarð króna fyrir þátttöku í Schengen-samstarfinu. Um er að ræða greiðslur til stofnana Evrópusambandsins auk kostnaðar sem sérstaklega er stofnað til hér á landi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í svari Rögnu Árnadóttur, dómsmála- og mannréttindaráðherra, við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um Schengen-samstarfið.



RAGNA ÁRNADÓTTIR

Sigurður spurði meðal annars um mat ráðherra á ávinningi samstarfsins. Leggur Ragna áherslu á að frjáls för fólks grundvallist á EES-samningnum en ekki Schengen-samstarfinu. Bendir hún líka á að þrátt fyrir að persónueftirlit hafi verið afnumið á innri landamærum Schengen-svæðisins komi það ekki í veg fyrir að lögregla geti framkvæmt slíkt eftirlit. Í svariinu er bent á mikilvægi aðildar að Schengen-upplýsingakerfinu sem



LANDAMÆRAEFTIRLIT Í LEIFSSTÖÐ Nokkrum sinnum hefur verið gripið til sérstaks landamæraeftirlits á Keflavíkurflugvelli. Á það einkum við þegar von hefur verið á erlendum glæpagengjum sem hafa átt vingott við Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

talið sé eitt mikilvægasta tæki til lögreglusamvinnu innan Evrópu.

Fram kemur að afnám landamæraeftirlits á innri landamærum geti gert afbrotamönnum hægara um vik við undankomu til annarra ríkja. Endurkomubann og farbann séu haldlítill þegar í hlut eigi brotamenn sem staddir

eru innan svæðisins og eru staðráðnir í að koma aftur til landsins. Segir dómsmála- og mannréttindaráðherra að landamæraeftirlit myndi vissulega auka möguleika íslenskra yfirvalda til að framfylgja endurkomubanni. Á hinn bóginn myndi slíkt landamæraeftirlit engu breyta um að íslensk

SCHENGEN-KOSTNAÐURINN


| Ár | Fjárhæð |
|------|---------|
| 2009 | 94,6 |
| 2008 | 137,5 |
| 2007 | 71,4 |
| 2006 | 98,3 |
| 2005 | 46,9 |
| 2004 | 42,5 |
| 2003 | 72,4 |
| 2002 | 65,4 |
| 2001 | 111,9 |
| 2000 | 105,7 |
| 1999 | 113,2 |
| 1998 | 5,8 |
| 1997 | 7,2 |
| 1996 | 4,8 |

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

yfirvöld stæðu berskjölduð gagnvart margfalt stærri hópi erlendrar glæpamanna sem hér gæti hlaupið í skjól frá handtökuskipunum sem skráðar séu í upplýsingakerfi Schengen.

Líkt og áður sagði hefur Ísland varið tæpum milljarði króna til Schengen-samstarfsins. Gerir ráðherra ráð fyrir að eftirlíðis verði kostnaðurinn um 150 milljónir króna á ári, að meðaltali. Er talið að svipaður kostnaður yrði við upptöku landamæraeftirlits með öllum farþegum á leið til Íslands frá Evrópu. bjorn@frettabladid.is

Enginn kostnaður af viðskiptum með sjóði Stefnis í febrúar.




Stefnir - Samval. Meiri möguleikar á breytilegum markaði.

Verðbréfabjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfabjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

*Upplýsingar fengnar af www.sjodir.is fyrir tímabilið 31.01.2005-31.01.2010.

- * Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem ákjósanlegastir eru hverju sinni - eignastýring í einum sjóði
- * Virk stýring í skuldabréfum og hlutabréfum. Áhersla á ríkistryggð skuldabréf undanfarin misseri
- * Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- * Góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglubundnum sparnaði
- * 16,0% meðalnafnávöxtun síðastliðin 5 ár*
- * Lágmarkskaup 5.000 kr.



Hafðu samband sími 444 7000 * arionbanki.is

Arion banki

Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísibendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.a.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðsýsingu og útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.



ISLENSKA STAJS AGL 49320 02/10

Atlantsolíudagur

Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.



Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is

ATLANTSOLIA

Atlantsolia - Lönsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is



GUÐI MERKTUR Bandarískur hermaður, sem hefur krotað „Guð“ aftan á hjálminn sinn, horfir yfir valmúaakur í Helmand-héraði í Afganistan.

NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðahvalveiðiráðið vill setta langvinnan ágreining innan sinna raða:

Í skoðun að leyfa hvalveiðar

SJÁVARÚTVEGUR Alþjóðahvalveiðiráðið hefur kynnt drög að tillögum sem gera ráð fyrir því að í lok ársins verði hvalveiðibanni sem verið hefur í gildi í 24 ár aflétt. Hvalveiðipjóðir geti þá veitt takmarkaðan fjölda hvala í atvinnuskyni.

Er ætlunin með þessu að draga úr þeim heildarfjölda hvala sem veiddur er, meðal annars í vísindaveiðum.

Samkvæmt fréttum erlendrar miðla er ætlunin með þessu sú að miðla málum á milli hvalveiðipjóða og annarra þjóða sem aðild eiga að hvalveiðiráðinu. Í hópi hval-

veiðipjóða eru Íslendingar, Japanar og Norðmenn. Veiðarnar yrðu þá háðar reglum sem Alþjóðahvalveiðiráðið setur.

Í uppkasti að tillögunni, sem verður til umræðu á næsta fundi ráðsins í byrjun mars, er gert ráð fyrir að kvóti á hvaltegundum yrði ákveðinn af ráðinu til tíu ára í senn og að vísindaveiðar nemi að hámarki þúsund hvölum á ári.

Vonast er til þess að með þessari málamiðlunartillögu sé hægt að koma í veg fyrir að ráðið liðist í sundur vegna langvarandi deilna.

- sh



UMDEILT Hvalveiðimenn flensa langreyði í Hvalstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Höfuðborgarsvæðið:

Hópar pilta með fíkniefni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði afskipti af allmörgum piltum vegna fíkniefnamála um síðustu helgi.

Í miðborginni voru höfð afskipti af þremur piltum um sínum. Þrír piltar á svipuðu reki voru staðnir að verki í Garðabæ þar sem þeir voru að nota fíkniefni og í Laugardal voru tveir jafnaldrar þeirra teknir fyrir fíkniefnamisferli. Þá fundust fíkniefni í bíl í Árbæ en í bílnum voru sex ungmenni á aldrinum 15 til 20 ára.

- jss

Listaverkasafn Arion banka:

Listasafn Íslands hefur forgang

MYNDLIST Listasafn Íslands fær forgang að þeim 193 verkum í listaverkasafni Arion banka, sem talin eru hafa mikla þýðingu fyrir íslenska listasögu.

Finnur Sveinbjörnsson, forstjóri Arion banka, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra undirrituðu samning þessa efnis í gær. Þá verður söfnum og menningarstofnunum tryggður aðgangur að 199 öðrum verkum í eigu bankans.

- pg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Dekkjum stolið undan bílum

Dekkjum var stolið undan tveimur bílum á höfuðborgarsvæðinu um nýliðna helgi. Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í tengslum við rannsókn annars málsins. Lögregla vinnur að rannsókn mállanna.

Deilt um hvort 4-flúoróamfetamín sé á bannskrá:

Algjörlega óljóst hvort smyglara verður refsað

LÖGREGLUMÁL „Skilyrði til að halda manni í gæsluvarðhaldi er, samkvæmt gildandi lögum, að ljóst sé að háttsemi hans varði óskilorðsbundnu fangelsi. Það er ekki hægt að fullyrða um það þegar aldrei hefur verið dæmt um þetta efni hér á landi.“

Þetta segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður, verjandi Íslending sem tekinn var með 3,7 kíló af svokölluðu 4-flúoróamfetamíni. Sveinn Andri telur algjörlega óljóst hvort eða til hvaða refsingar maðurinn verði dæmdur þar sem innflutningur á 4-flúoróamfetamíni hafi aldrei komið til kasta dómstóla hér.

Maðurinn var handtekinn



SVEINN ANDRI SVEINSSON

við komuna í Leifsstöð frá Berlín um miðjan desember. Héraðsdómur úrskurðaði hann í áframhaldandi gæsluvarðhald fyrir í þessum mánuði, en Hæstiréttur felldi þann úrskurð úr gildi. Hann benti á að þetta efni væri ekki á skrá yfir ávana- og fíkniefni sem bönnuð væri á íslensku yfirráðasvæði.

Heilbrigðisráðuneytið sendi í gær frá sér athugasemd vegna dóms Hæstaréttar, þar sem segir að 4-flúoróamfetamín flokkist sem ávana- og fíkniefni. Bannlistinn taki til hvers konar afleiða bannaðra fíkniefna, þótt þær séu ekki taldar upp á fylgiskjali reglugerðarinnar.



STRÖNG GÆSLA Lögregla og her fyrir utan dómshúsið í Ístanbul meðan yfirheyrslur fóru fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Herforingjar í yfirheyrslu

Tugir yfirmanna í tyrkneska hernum yfirheyrðir vegna gruns um að þeir hafi viljað gera stjórnarbyltingu. Þykir til marks um dvínandi áhrif hersins.

TYRKLAND, AP Handtökur og yfirheyrslur yfirmanna í tyrkneska hernum þykja til marks um dvínandi áhrif hersins þar í landi og sterka stöðu núverandi stjórnvalda.

Á mánudag var 51 fyrrverandi og núverandi yfirmaður í hernum tekinn höndum. Í gær hófust síðan yfirheyrslur yfir þeim. Mennirnir eru sakaðir um að hafa ætlað sér að steypa stjórn landsins á árunum 2003 til 2005.

Bæði skjölum og upptökum með samræðum herforingjanna hefur verið lekið á Netið, en ágreiningur er um hvort upptökurnar séu falsaðar. Þar heyrir einn þeirra segja stjórnina ætla sér „að rífa niður landið og breyta því í annað íslamskt ríki“. Sama rödd segist ætla að hleypa liði sínu lausu á Ístanbul: „Það er skylda okkar að grípa til miskunnarlausra aðgerða.“

Herinn hefur áratugum saman haft mikil ítök í stjórn landsins og gripið til þess að steypa stjórninni, hafi yfirmönnum hersins ekki litist á stefnu hennar og störf.

Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra hefur verið við völd síðan 2003.

Flokkur hans, Réttlætis- og þróunarflokkurinn, hefur yfirgnæfandi meirihluta á þingi, þannig að stjórnin getur í reynd farið sínu fram að vild.

Erdogan á rætur að rekja til hreyfingar harðra íslamista og stjórnarflokkur hans hefur á stefnuskrá sinni að efla veg íslamskrar trúar, en segist þó eingöngu gera það á forsendum lýðræðis, líkt og til dæmis kristilegir demókrataflokkar í Evrópuríkjum sem hafa kristileg gildi í hávegum.

Herinn hefur á hinn bóginn jafnan haft í hávegum hinn veraldlega grundvöll tyrkneska ríkisins, þar sem þess er vandlega gætt að blanda ekki saman trúmálum og stjórnámum.

Erdogan segir stjórn sína nú vera að undirbúa stjórnarskrár-breytingu, til að draga úr áhrifum stjórnarbyltingar hersins árið 1980 á stjórnskipan landsins.

gudsteinn@frettabladid.is

KUÐUNGURINN 2009

Umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfisráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári, eru þess verðug að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðinginn fyrir árið 2009

Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni. Fyrirtæki og stofnanir geta hvort heldur sem er tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfisráðuneytinu eigi síðar en fimmtudaginn 25.mars n.k. merktar „Kuðungurinn“, á pósthafið postur@umhverfisraduneyti.is eða með pósti í Umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík

Nánari upplýsingar á www.umhverfisraduneyti.is/kudungurinn.is



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is



- Lífið heil

Nicotinell Mint 2 mg, 300 stk. 19% ódýrara

en 204 stk. pakking með myntubragði miðað við hvert tyggjó.

8.127 kr.



Otrivin tveir í einum - fjölskyldupakki 8% ódýrari 1.234 kr.

Lægra verð í Lyfju

www.lyfja.is

Það haustar 52 sinnum á ári

Áhugaverðar staðreyndir um vaxtarverki
og ástríðu sveppa fyrir haustinu

Sveppir þurfa haust til að verða til
en í ræktunarklefum á Íslandi eru
frankölluð haust 52 sinnum á ári

Íslenskir sveppir eru ræktaðir
í 100% lífrænum jarðvegi

Sveppir eru sykurlausir

Sveppir örva
kornrækt á Íslandi



Sveppir stækka um
4% á klukkustund og tvöfalda
þyngd sína á einum sólarhring

Á Íslandi hefur svepparæktun
nánast einskorðast við eina tegund
sem gengur undir nafninu ætisveppur
sem er hvítur og brúnleitur

Sveppir eru
fitulausir

islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR





LYFTIR UPP BARNI Strákhnokki á Haítí skemmtir sér hið besta þar sem hann hangir í hendi bandarískis hermanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarskipti í Hollandi:

Þingkosningar haldnar í júní

HOLLAND, AP Þingkosningar verða haldnar í Hollandi 9. júní, samkvæmt yfirlýsingu frá ríkisstjórninni sem missti meirihluta sinn um helgina.



JAN PETER BALKENENDE

Jan Peter Balkenende og ríkisstjórn hans verða þó áfram við völd þangað til ný stjórn hefur verið mynduð að loknum

kosningum. Umboð stjórnarinnar takmarkast þó við lausn brýnustu mála.

Það voru deilur um þátttöku Hollendinga í stríðinu í Afganistan sem urðu stjórn hægri- og miðflokkanna að falli.

-gb

Hrunsrannsóknin nái til einkavæðingar bankanna

Ólafur Ísleifsson mæltist til þess við rannsóknarnefnd Alþingis að athugun hennar næði til einkavæðingar bankanna og kannað yrði hvort forsætisráðuneytið hefði hlutast til um úttekt Ríkisendurskoðunar 2003.

EFNAHAGSMÁL Í minnisblaði til rannsóknarnefndar Alþingis mælist Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, til þess að rannsóknin nái allt til einkavæðingar bankanna. Minnisblaðið er frá í janúar í fyrra. Þá kallaði nefndin fyrir sig hópa hagfræðinga til ráðgjafar.

Í erindinu segir Ólafur að kanna þurfi hver hafi verið tildrög þess að bankarnir voru seldir svokölluðum kjölfestufjárfestum en ekki með dreifða aðild fyrir augum eins og boðað hafði verið. „Tilfni sýnist til að kanna þá fullyrðingu í ljósi vals á kaupendum, sem engir höfðu getið sér orð fyrir þekkingu á bankastarfsemi, að bankarnir hafi verið seldir eftir svonefndri helmingskiptareglu stjórnarflokkanna tveggja,“ segir í minnisblaðinu. „Um leið sýnist ástæða til að skoða sölu VÍS út úr Landsbankanum í þessu samhengi.“

Þá segir Ólafur að kanna þurfi fullyrðingu fyrrum bankamálaráðherra að Ríkisendurskoðun hafi lagt faglega blessun yfir einkavæðingu bankanna í ljósi alvarlegra athugasemda sem stofnunin hafi gert við hana. Um leið segir hann ástæðu til að kanna hvort forsætisráðuneytið hafi hlutast til um efni skýrslu Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu bankana í árslok 2003.

„Benda má á að skýrslan hefði þurft að taka til sölu Búnaðar-

bankans úr hendi þeirra sem keyptu ráðandi hlut af ríkissjóði, en hann var í þeirra eigu aðeins skamma hríð þar til þeir seldu eignarhlutinn með umtalsverðum hagnaði.“ Þá segir hann að svo virðist sem Ríkisendurskoðun hafi látið undir höfuð leggjast að afla gagna frá þýskum eftirlitsstofnunum um þýska bankann Hauck & Aufhäuser Privatbankiers sem við einkavæðinguna eignaðist fjórðungshlut í bankanum.

Ólafur tiltekur í erindi sínu til nefndarinnar fjölda þátta sem þyrfti að taka til athugunar við rannsókn á aðdraganda og orsökum á falli íslensku bankanna 2008 og tengdum atburðum. Auk einkavæðingar bankanna taldi hann að kanna þyrfti hvernig eftirliti Seðlabankans með fjármálastöðugleikanum og með gjaldeyrisstöðu bankanna hefði verið háttað, tilraunir Seðlabankans til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn, samband Seðlabankans við aðra banka og við ríkisstjórn, eftirlit Fjármálaeftirlitsins (FME), ákvörðunina um að þjónnýta Glitni, Icesave-reikninga Landsbankans, Kastljósviðtal Davíðs Oddssonar þá seðlabankastjóra, og fleiri þætti.

Stefnt er að því að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis komi út fyrir mánaðamótin. Frestur sem tólf embættismönnum var gefinn til að skila andmælum við efni hennar rennur út í dag. olikr@frettabladid.is



BOÐA FREST Tryggvi Gunnarsson og Páll Hreinsson sitja fyrir svörum fjölmiðla í janúar eftir að í ljós kom að útgáfa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið kæmi til með að frestast.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HLUTI AF EINKAVÆÐINGARSÖGUNNI

Upplýst var snemma í þessum mánuði að Sólon Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans, hefði í fyrstu neitað að lána Björgólfsfeðgum fyrir kaupum í Landsbankanum þegar eftir því var leitað árið 2003. Í viðtali við Ríkisútvarpið 9. þessa mánaðar sagðist Sólon hafa sagt að sér kæmi umleitanin „svolítið undarlega fyrir sjónir“ því hann hefði haldið að „þeir hefðu fengið að kaupa Landsbankann á grundvelli þess að þeir væru að koma með svo miklu af dollurum til landsins að það hálfra væri nóg“. Sólon kvaðst síðan hafa látið undan þrýstingi frá Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, og lánað 3,4 milljarða til kaupanna.

1.700.000.000

STÖKKTU Á MILLJÓNIRNAR

Ólafur Ragnar Grímsson:
Forsetinn hitti nýja sendiherra

UTANRÍKISMÁL Forseti Íslands fundaði í gær með tveimur nýjum sendiherrum. Annars vegar frá Manizha Bakhtari, sendiherra Afganistans, og hins vegar herra Ladislav Pivcevic, sendiherra Króatíu. Bæði afhentu trúnaðarbréf sín í gær.

Forsetinn ræddi meðal annars stöðuna í Afganistan við sendiherra Afganistans. Við sendiherra Króatíu ræddi hann samskipti við ESB, svo og möguleika á aukinni samvinnu Íslands og Króatíu á sviði menningarmála. - óká

Valdimar Leó segir hæpið gagnvart kjósendum að færa sigurvegara neðar á lista:
Hanna verði færð í fyrsta sætið

MOSFELLSBÆR Valdimar Leó Friðriksson, sem lenti í öðru sæti í prófkjöri Samfylkingar vegna komandi sveitarstjórnarkosninga í Mosfellsbæ, leggur til að sá sem náði efsta sætinu í prófkjörinu, Jónas Bjarnason, verði færður í þriðja sæti, eða heiðursseti, en Hanna Bjartmars Arnardóttir, sem lenti í þriðja sæti, fari í það fyrsta.

Kjörnefnd fer nú yfir niðurstöður prófkjörsins, sem var ekki bindandi. Í blaðinu í gær lýsti Hanna Bjartmars þeirri skoðun sinni að það væri „ekki smart að vera með tvo miðaldra karla í tveimur efstu sætum“. Vilji mun vera til þess innan flokksins í Mosfellsbæ að færa annan karlframbjóðandann niður, og hefur nafn Valdimars verið nefnt í því samhengi. Samkvæmt prófkjöri lentu karlar í tveimur efstu sætum og konur í þriðja og fjórða sæti. Listinn verður ákveðinn á félagsfundum morgun. - kóp



VALDIMAR LEÓ FRÍÐRIKSSON

Lottóútdráttur laugardagsins:
Vinningshafarnir fjórir hafa gefið sig fram

HAPPDRAETTI Vinningshafar síðasta útdráttar í Lottóinu hafa allir skilað sér til að vitja vinningsinna. Fjórir voru með allar tölur réttar og fékk hver 10,8 milljónir króna í sinn hlut.

Einn var fjölskylduafarir í Reykjavík með tvö lítil börn, annar hjón utan af landi með fjögur börn, þriðji eldri maður sem keypti miða í Skalla við Vesturlandsveg á útdráttardaginn, og fjórði hjón af Suðurlandi sem eiga tvö börn.

Í tilkynningu Íslenskrar getspár kemur fram að enn hafi ekki gefið sig fram miðaeigandi sem vann rúmar fjórar milljónir í Víkingalottói 10. febrúar. Sá miði var keyptur í Ríkinu við Snorrabraut í Reykjavík. - óká

Mikil aukning útgjalda hjá ríki og sveitarfélögum á síðustu áratugum:
Útgjöld fyrir hvern íbúa tvöfaldast

EFNAHAGSMÁL Útgjöld hins opinbera á hvern íbúa landsins hafa nærri tvöfaldast milli ára 1980 og 2008. Útgjöldin voru á föstu verðlagi 1.087 krónur á hvern íbúa árið 1980 en voru komin í 2.071 krónu árið 2008, að því er fram kemur í úttekt Hagstofu Íslands.

Á þessu árabili hafa útgjöld hins opinbera vaxið frá því að vera 34,1 prósent af landsframleiðslu í 44,8 prósent. Útgjöld ríkissjóðs jukust um 4,7 prósentstig, úr 27,5 prósentum af landsframleiðslu í 32,7 prósent. Útgjöld sveitarfélaga sem hlutfall af landsframleiðslu tvöfölduðust, úr 7,1 prósentu í 14 prósent.

Þrjár stærstu málaflokkarnir, velferðarmál, fræðslumál og heilbrigðismál tóku til sín 25,3 prósent af landsframleiðslu árið 2008. Tíu árum fyrr, árið 1998, tóku þessir málaflokkar 22,6 prósent af landsframleiðslunni.

Framlög til ýmissa málaflokka hafa aukist mikið á áratugnum milli 1998 og 2008. Þannig hafa útgjöld til efnahags- og atvinnumála nærri þrefaldast, úr 6,7 prósentum af landsframleiðslu í 19,5 prósent. Útgjöld til menntamála hafa aukist um 15,7 prósent, og útgjöld til menningar- og íþróttamála um 31,2 prósent.



UMHVERFIÐ Útgjöld til sumra þátta hafa dregist saman, til dæmis til umhverfismála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðrir flokkar hafa setið eftir. Aukning til lög-gæslu og dómsmála hefur aukist um 4,1 prósent, og útgjöld til umhverfismála dregist saman um 5,6 prósent. - bj

NILFISK
Ryksugur
Hrein snilld!

FÖNIX
- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.

Hátúni 6a • 105 Reykjavík
Sími 552 4420 • www.fonix.is

Auglýsingasími
512
5401

Allt sem þú þarft...



370.000.000
+1.330.000.000

000.000.000

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 370 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.330 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

V Í K I N G A
LOTTO

ALLTAF Á MIDVIKUDÖGUM!
MIDINN GILDIR 24. FEBRÚAR 2010

| | | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|----|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |





ÞVOTTATA DAGGAR

ORMSSON

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!



AEG ÞVOTTAVÉL

LAVAMAT 52840

1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+
Notendahandbók
á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ



TILBOÐSVERÐ kr. 119.900,-

LISTAVERÐ: 144.900,- **Þú sparar: 25.000,- kr.**

AEG ÞURRKARI

LAVATHERM T55460

Barkalaus
með rakaskynjara
Tekur 6 kg af þvotti
Fjöldi kerfa
Mjög hljóðlátur
Ryðfri tromla
Notendahandbók
á íslensku



TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-

LISTAVERÐ: 119.900,- **Þú sparar: 20.000,- kr.**

AEG UPPÞVOTTAVÉL

FAVORIT 65010VI

Gerð til innbyggingar
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Mjög hljóðlát vél
- 44db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurkhæfni: A



TILBOÐSVERÐ kr. 149.900,-

LISTAVERÐ: 189.900,- **Þú sparar: 40.000,- kr.**

EH ÞVOTTAVÉL

Elektro Helios

TF 1255E

1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Öll hugsanlega
þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar



TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-

EH ÞURRKARI

Elektro Helios

TK 7526

Tekur 6 kg af þvotti
Barkalaus
Fjöldi kerfa
Tvö hitastig
Mjög hljóðlátur
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar



TILBOÐSVERÐ kr. 84.900,-

EH UPPÞVOTTAVÉL

Elektro Helios

DI 8525

Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Hljóðlát vél
- 49db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurkhæfni: A
Íslenskar leiðbeiningar



TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-

EH UPPÞVOTTAVÉL

Elektro Helios

DI9125X

Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vé
- 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurkhæfni: A
Íslenskar leiðbeiningar



TILBOÐSVERÐ kr. 109.900,-

AEG PAR= ÞVOTTAVÉL og ÞURRKARI

LAVAMAT 62840

1200 snúningar /mín.
Tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Tímaskjár sýnir framvindu
þvottakerfa
og eftirstöðvar þvottatíma
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+



LAVATHERM T55460

Barkalaus
með rakaskynjara
Tekur 6 kg af þvotti
Fjöldi kerfa
Mjög hljóðlátur
Ryðfri tromla
Notendahandbók
á íslensku



TILBOÐSVERÐ =parið= kr. 203.830,-

LISTAVERÐ =PARIÐ=kr. 239.800,-

Þú sparar: 35.970,- kr.

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!

ORMSSON
LÁGMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KUÐUNGURINN, umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins, verður afhentur 25. apríl. Umhverfisráðuneytið óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnanir sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári eru þess verðug að hljóta Kuðunginn. www.umhverfisraduneyti.is



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

La Villa

Gistiheimili í Kaupmannahöfn Herbergi og studioíbúðir í miðbænum
sími 0045-2848 8905

Rafstilling ehf

Viðgerðarþjónusta Varahlutir

Heimilis LED perur white og warm white

Startarar Alternatorar

Flottar og ódýrar bílaperur

Dugguvegi 23 rafstilling@rafstilling.is 587-4991



Sigurgeir segir bæinn Paimpol á Bretagne-skaga vera lítinn og notalegan og hafa mikla tengingu við Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slys og veikindi barna

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur námskeiðið Slys og veikindi barna 8. og 10 mars kl. 18-21 í Hamraborg 11, 2 hæð.

Á námskeiðinu er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálpi við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl.

- Námskeiðsgjald: 6.500 kr. á mann en 5.000 krónur ef maki eða eldra systkini tekur líka þátt.
- Innifalin eru námskeiðsgögn og þátttökuskírteini.
- Leiðbeinandi er Sigrún Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur.
- Sjálfbóðaliðar Kópavogsdeilda fá ókeypis á námskeiðið og félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið fá 10% afslátt.

Frekari upplýsingar fást í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.

Skráning er til 4. mars.



Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16

Spilaði um borð í bát

Sigurgeir Finnsson sótti sjómanna- og þjóðlagahátíðina Fête du chant de marin í bænum Paimpol á Bretagne-skaga og tróð þar upp ásamt hljómsveitinni Rauðum fiskum frá Grundarfirði sumarið 2005.

„Þetta var mjög skemmtileg og ævintýraleg ferð,“ segir Sigurgeir Finnsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, um tónlistarferðalag sem hann fór í til Frakklands í ágúst 2005.

Tildrögin að ferðinni voru sú að Einar Melax, sem þá var tónlistarkennari á Grundarfirði, fékk þá hugmynd að setja saman hljómsveit með það að markmiði að komast á sjómanna- og þjóðlagahátíðina Fête du chant de marin, sem haldin hefur verið í bænum Paimpol í Frakklandi annað hvert ár í áratugi. Hljómsveitin átti að spila gömul og nýrri íslensk sjómanna-lög. „Einar hafði dvalið í Paimpol í nokkra mánuði árið áður og þannig haft veður af þessari hátíð,“ segir Sigurgeir. „Ég á vini sem eru ættadír frá Grundarfirði og þannig kynntumst við Einari. Mér var boðið að vera með í þessari hljóms-

sveit sem trommuleikari. Við gerðum demó, sendum út og fengum inni á hátíðinni, hugsanlega einnig fyrir tengsl Grundarfjarðar og Paimpol sem eru vinabær.“

Hljómsveitin hlaut nafnið Rauðir fiskar og alls flugu tíu manns til Parísar í byrjun ágúst, hljómsveitarmeðlimir og fylgifiskar. Tveir bílaleigubílar voru fylltir af farangri og hljóðfærum og svo hélt hópurinn af stað þvert yfir Frakkland, alla leið til Paimpol, sem er lítill sjómannaþéttbýli á Bretagne-skaganum. „Bærinn er mjög fallegur og notalegur með stórrí höfn. Hann hefur mikla Íslandstengingu og bæði götur og veitingastaðir í Paimpol heita eftir Íslandi.“

Fête du chant de marin er frekar stór tónlistarhátíð og sækja hana mörg þúsund gestir. Stærsta númerið á þessari hátíð var Goran Bregovic og við fórum að sjálfsögðu

að sjá hann, sem var algjörlega óleymanlegt,“ segir Sigurgeir.

Hann segir tónleikasvæðið á hátíðinni vera einkar skemmtilegt. Öll sviðin eru við höfnina sem er U-laga, eitt sviðið er um borð í gamalli seglskútu og standa þá áhorfendur á bakkanum og flytjendur eru um borð í bátum. Rauðir fiskar komu þrisvar sinnum fram, þar af eitt skipti í bátum.

Eftir að hátíðinni lauk dvaldi hópurinn í nokkra daga áfram í Paimpol. „Okkur var boðið í siglingu á vegum Íslendingafélagsins í bænum á gamalli seglskútu sem var nánast algjörlega gamaldags. Það eina nútímalega við hana var lítill mótör sem eingöngu var notaður til að komast inn og út úr höfnunum,“ segir Sigurgeir og bætir við að hápunktur ferðarinnar hafi verið tónleikar Rauðra fiska, tónleikar Bregovic og siglingin í seglskútunni. *kjartan@frettabladid.is*

Tilboð

PERUR

Perur og ísetning

Tilboð

BREMSUKLOSSASKIPTI

Tilboð

RÚÐUÞURRKUR

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

FÆRMINGAR


VINNAN við fermingarveisluna verður auðveldari ef valdir eru réttir sem hægt er að búa til fyrirfram eins og köld skinka, grafinn lax og sósur.



ATH – NÝJA VARAN STREYMIÐ – SAMA GÓÐA VERÐIÐ



teg. 84009 - mjög flottur og haldgóður í CDE skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



teg. 1102 - flottur blúnduhaldari í CD skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



teg. 3341 - haldgóður og yndislegur í CD skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.

Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

f Erum einnig á Facebook

Umræðuefnin á reiðum höndum

Vandræðalegar þagnir virðast loða við fermingarveislur enda eru þar saman komnir ættingjar og vinir úr ýmsum áttum sem þekkjast misvel. Þá er gott að vera með umræðuefni á reiðum höndum.

Ein hugmynd er að spyrja sessunautinn út í fermingu hans og lýsa síðan eigin en með því er alloft hægt að brjóta ísinn og jafnvel koma af stað góðri hláturroku. Þáskahretið er svo klassískt enda er veðrið eftirlætis-umræðuefni Íslendinga. Veður-umræður geta þó aukði á vandræðaganginn enda vita flestir að oftast er gripið til þess þegar annað umtalsefni kemur ekki upp í hugann. Því er gott að luma á góðri óveðursögu eða einhverju sem gerir veðurumræðuna bitastæðari.

Sumarfrið getur verið góður kostur en allir vilja tala um sumaríð og hvað þeir ætla að gera í fríinu. Ef plönin eru ekki komin á hreint má svo alltaf tala um ævintýri sumarsins sem leið. Gott er að fylgjast vel með fréttum dagana fyrir veisluna til að geta velt þeim fram og aftur með gestum og ekki verða að glugga í ættfræðibók og vera með ættartengsl sem flestra á hreinu. Slíkar upplýsingar geta ekki klikkað og þá sérstaklega ekki hjá eldri kynslóðinni.



- ve

Safnar fyrir bakpokaferð um Suður-Ameríku

Alexander Þór Sigmarsson fermist hinn 20. mars í Lindarkirkju. Hann hefur óskað þess að fá peninga í fermingargjöf en þá ætlar hann að nota í bakpokaferðalag með föður sínum um Suður-Ameríku.

„Ég fór í bakpokaferðalag með pabba mínum og systur þvert yfir Marokkó síðasta sumar og það var skemmtileg upplifun – að sjá marga mismunandi staði á stuttum tíma og ferðast á milli með rútum, lestum og fótgangandi. Pabbi gefur mér stærstan hluta af ferðinni í fermingargjöf en ferðaplanid er ekki alveg komið á hreint,“ segir Alexander en þó gera þeir feðgar ráð fyrir því að ferðast um Kólumbíu og Perú.

Alexander Þór segir að í bekknum hans fermist allir nema tveir, og þeir sem fermist, fermist í kirkju. Hann segist trúá sumu í kristinni trú en ekki öllu en segir að þegar komi að því að taka ákvörðun um hvort hann vilji fermast eða ekki skipti gjafirnar miklu máli.

„Mér finnst þetta svolítill tíma-mót og ég hef lengi velt því fyrir mér hvernig er að fermast, sérstaklega þar sem ég hef aldrei farið sjálfur í fermingarveislu. Mín eigin veisla er því fyrsta veislan sem ég kem í. Veislan verður haldin í Golfskála Golfklúbbs Gardabæjar og við verðum með kökuveislu, sem við fáum frá veisluþjónustu,“ segir Alexander og bætir við að borðskraut veislunnar verði í lopapeysuþema.

Fermingarfræðslan hefur verið skemmtileg að sögn Alexanders en tveir prestar kenna krökkunum. „Þar sem að ég hef aldrei farið í fermingarveislu geri ég mér ekki alveg grein fyrir því hvernig þetta verður eða fer fram, en ég hlakka mikið til.“

Alexander Þór Sigmarsson hefur aldrei áður verið í fermingarveislu og hans eigin veisla því hans fyrsta.



FRÉTTARLAD/PIETUR

| | |
|---|--|
| | |
| Verð 14.995 Litir: fjólublár, rautt, bleikt, svart, | Verð 15.995 litir: svart, svart lakk, silfur, gull, rautt lakk. |
| | |
| Verð 16.995 Litir: Rautt, silfur, svart, svart snake, beige snake. | Verð 18.995 Litir: svart, svart snake, silfur, rautt lakk, svart lakk |
| | |
| Verð 2.995 Litir: Svart, hvítt, gull, silfur | Verð 7.995 litir: Svart, hvítt, blátt. |
| | |
| Verð 14.995 / Stærðir 38 1/2-48 litir: Svart, hvítt | Verð 13.995 Litir: Svart, brúnt |

skór.is
Kringlan - Smáralind - skor.is

Fermingarkjólarnir

Ermar 2.600 kr

Hvítur kjóll 7.500 kr

Fjólublár kjóll 7.900 kr



Eik
sími: 568-4410
Kringlunni - Reykjanesbæ

Legg þú á djúpið, þú, sem enn ert ungur,/ og æðrast ei, þótt straumur lífs sé þungur,/ en set þér snemma háleitt mark og mið,/ haf Guðs orð fyrir leiðarstein í stafni/ og stýrðu síðan beint í Jesú nafni/ á himins hlið.



Sálmur 182 M. Joch.



Til að hækka skreytinguna setur Ásdís hana á kökudisk. Ballettskórnir gera hana persónulega og tengja hana við áhugamál fermingar barnsins. Kökudiskur og kertastjakar: Borð fyrir tvo. Blóm: Blómabúðin Kringlunni.

FRETABLADIÐ/ANTON



Ásdís segir fólk í auknum mæli blanda saman litum. Takið eftir því að kertin eru í hvort í sínum lit. Vasi: Humarhúsið. Blóm: Blómabúðin Kringlunni. Kertastjakar: Borð fyrir tvo.



Gaman er að sýna barnamyndir. Vasi: Humarhúsið. Blóm: Blómabúðin Kringlunni. Myndastandur: Borð fyrir tvo

Óhrædd við að blanda saman ólíkum litum

Straumar og stefnur í veisluskreytingum breytast eins og annað og í dag er fólk opnara fyrir að blanda saman litum. Það má sjá í fermingarskreytingum Ásdísar Guðrúnar Sigurðardóttur.

Hin síðari ár hafa einn til tveir litir verið ríkjandi í veisluskreytingum en samkvæmt blómskreytingarkonunni Ásdísi Guðrúnu Sigurðardóttur er að verða nokkur breyting á. „Ég fylgist náið með helstu straumum í þessum efnunum og finnst fólk opnara fyrir því að blanda saman litum. Það kemur sér líka vel í kreppunni enda hægt að nýta kert, glös, stjaka og skraut úr ýmsum áttum og ekki þörf á því að kaupa allt nýtt.“

Ásdís, sem starfar sjálfstætt, hefur gert mikið af skreytingum fyrir tímarit og blöð auk þess sem hún tekur að sér veisluskreytingar af ýmsu tagi. Hér gerir hún nokkur sýnishorn af fermingarskreyt-

ingum fyrir stráka og stelpur og njóta þær sín vel í fögru umhverfi Humarhússins. „Ég nota muni sem eru einkennandi fyrir fermingarbarnið eins og ballettskó og taflmenn en það gerir skreytingarnar persónulegri og tengir þær við barnið. Eins er gaman að nota gamlar myndir og annað sem barninu er kært auk þess sem ég er mikið fyrir að nota efnivið úr náttúrunni eins og fjörusteina, reyniber og greinar.“

Ásdís tekur við pöntunum í gegnum netfangið asdissig@gmail.com en hún er auk þess í sambandi við veisluþjónustu og getur útvegað mat og annað sem þarf í hvers kyns veislur.

vera@frettabladid.is



Ásdís tekur að sér skreytingar í alls kyns veislur. Hún gerir fermingarskreytingarnar persónulegar og tengir þær gjarnan áhugamálum fermingar barnsins.

ALLT

HELGIN

Laugardaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Enska í Englandi fyrir 13-15 ára

2 kennsluvikur (20.6-3.7) Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann.
Verð: ca. 195 þúsund (Innifalið: flug, skóli, gisting, fæði, ferðir og öll dagskrá)
Skráning stendur yfir í síma 891-7576 og erlaara@simnet.is



Einnig er boðið upp á námsferð til Englands fyrir fullorðna

www.enskaforiralla.is

ALLT

ÚT AÐ BORDA
Föstudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar
lokar 1. mars næstkomandi

Mikið úrval
skartgripa

ÚTSALA

40% afsláttur
af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga

Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335



sia
HOME FASHION

Zeus heildverslun - Sia
Austurströnd 4 • 170 Seltjarnarnes



Verð 7.995 / Stærðir 36-41



Verð 17.995 / Stærðir 36-41



Verð: 13.995 / stærðir 36-41



Verð 7.995 / stærðir 36-41



Verð 14.995 / stærðir 36-41



Verð: 11.995 / Stærðir 36-42



Verð 12.995 / Stærð 40-46



Verð 9.995 / stærðir 41-46

Kaupfélagið

Kringlan - Smáralind



Rope Yoga

Námskeið hefst 1. og 2.mars. Unglinganámskeið hefst 3.mars

www.elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419



Fyrirtækið Knitting Iceland hefur skipulagt prjónaferðir hingað til lands síðan í október, að sögn Ragnheiðar Eiríksdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JEPPARAFAFGYMAR

Nýir og öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Mikill áhugi erlendis á prjónaferðum til Íslands

Knitting Iceland er ársgamalt fyrirtæki Ragnheiðar Eiríksdóttur og Héléne Magnusson en þær stöllur skipuleggja meðal annars ferðir hingað til lands fyrir útlendinga sem vilja prjóna í íslensku umhverfi.

„Þetta er alveg nýr markhópur í ferðaþjónustu á Íslandi en að skipuleggja prjónaferðir hingað til lands hefur ekki verið gert áður svo ég viti þótt prjónaferðir séu í sjálfu sér þekkt fyrirbæri í prjónaheiminum,“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir, sem á og rekur Knitting Iceland með Héléne Magnusson prjónahönnuði.

Ragnheiður hafði gengið með hugmyndina um að bjóða útlendingum upp á slíkar ferðir í rúmlega ár þegar hún hitti Héléne Magnusson sem hafði þá gengið með aðra hugmynd í maganum tengda prjóni; að gefa út vefrit um íslenskt prjón. „Þessar hugmyndir pössuðu svo vel saman að við ákváðum að stofna fyrirtæki í kringum þetta tvennt. Með þessa hugmynd komumst við svo inn í verkefni sem kallast Útflutningsaukning og hagvöxtur og er í

gangi hjá Útflutningsráði og þar höfum við unnið með skipulag og markaðssetningu þessara ferða síðan í október.“

Fyrsta ferðin verður farin 10. júní næstkomandi og er þegar að fyllast þrátt fyrir að ferðin hafi ekki verið auglýst skipulega. „Erlendir prjónarar hafa komist á snóðir um ferðina í gegnum prjónasamfélagið Ravelry á Netinu og hópin okkar á Facebook, en það einkennir prjónara um allan heim að þeir eru mjög virkir á Netinu og því auðvelt að ná til þeirra. Þannig er heimasíðan okkar sem er í smíðum, icelandknitting.com, hugsuð sem okkar aðalmarkaðstæki í framtíðinni.“

Nokkrar ferðir af ferðum verða í boði en fyrsta ferðin er að sögn Ragnheiðar nokkurs konar lúxusferð, þar sem dvalið verður á hóteli í Borgarfirði. Prjónað verður

um fimm tíma á dag og svo farið í styttri ferðir eins og hestaferðir, í Landnámssetrið og víðar. „Sérstaklega verður hugað að góðum mat og gistingu og prjónakennslu blandað við upplifun af náttúru og menningu. Við fjöllum um og kennum rósalaþappprjón, sjalaprjón og svo prjóna ferðalangar allir lopapeysu. Þrátt fyrir að fyrst og fremst sé stílað inn á fólk sem kann að prjóna bjóða ferðirnar líka upp á að makar komi með og geti þá til að mynda spilað golf eða haft aðra dægurvöl meðan setið er við prjónavinnuna.“

Í fyrstu ferðinni verða Bandaríkjamenn, Kanadabúar og Ástralí. „Önnur lúxusferð verður farin síðar í sumar og í vetur verða annars konar ferðir í boði þar sem prjónað verður úti í óbyggðum – við myrkur og vonandi norðurljós.“ juliam@frettabladid.is

Nýtt skoðunarár

Við bjóðum alla ökutækjæigendur velkomna til okkar á nýju ári. Áfram munum við bjóða upp á faglega og góða þjónustu líkt og við höfum gert undanfarin 15 ár.

Aðalskoðun

www.adalskodun.is

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 15 ár

| | | | |
|-------------------------|--|---|---|
| Skoðunarstöðvar: | Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930 | Hafnarfjörður Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900 | Kópavogur Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935 |
|-------------------------|--|---|---|

vetrarlíf

MÍÐVIKUDAGUR 24. FEBRÚAR 2010

Ferðast með snjótroðara

Boðið er upp á óvenjulegar ferðir
upp fjallið Kaldbak.

SÍÐA 4





● **SKÍÐAPARADÍS AUSTURLANDS** Troðinn, þurr snjór og frábært færi er á skíðasvæðinu í Oddsskarði, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, að sögn Aðalheiðar Bjarkar Arnarsdóttur í afgreiðslu skíðaskálans þar. „Hér hefur snjóað helling síðustu daga og fólk sækir í brekkurnar,”

segir hún. Opið er daglega í Oddsskarði frá klukkan 14 til 20 alltaf þegar veður leyfir en í gær var topplyftan lokuð vegna ísingar. Neðri lyftan var hins vegar opin og byrjendalyftan einnig. Aðalheiður segir síðustu vikur hafa verið hagstæðar skíðaáhugamönnum fyrir austan.

● **HÚÐIN MEIKUÐ GEGN KULDA** Húðin getur ekki síður verið viðkvæm gagnvart kulda en hita og því mikilvægt að verja hana gegn versta frostinu, einkum ef fólk stundar útvist. Háræðar í andliti þenjast út í kulda og geta slitnað auk þess sem húðin getur orðið mjög þurr og jafnvel þurrkblettir myndast þannig að hún verður flekkótt. Margir eru duglegir að nota feit krem og varasalva til að koma í veg fyrir slíkt en ekki er síður gott að farða andlitið vel yfir kremið og fá þannig enn betri vörn. Gott er að kaupa þá farða með sólvörnustuðli því sólin er oft sterk á veturna og snjórinn endurvarpar geislum sólar.



● **BLÓÐ, SVITI OG TÁR** Íslandsmót barna og unglunga í listhlaupi fyrir A- og B-keppendur fer fram í Skautahöllinni á Akureyri um næstu helgi. Hilda Jana Gísladóttir, formaður listhlaupadeildar Skautafélagsins á Akureyri, reiknar með spennandi keppni. „Þetta eru 74 þátttakendur frá Skautafélagi Reykjavíkur, Skautafélagi Akureyrar, sem stendur fyrir mótinu og Birninum sem munu berjast um efstu sætin,” segir hún. „Í elstu A-flokkunum, sem kallast Novice (stúlknaflokkur), Junior (unglingaflokkur) og Senior (kvennaflokkur), er keppt bæði á laugardag og sunnudag. Niðurstaða þeirra flokka ræðst því ekki fyrr en seinni daginn, eftir seinni dansinn. Allir B-flokkar og yngri A-flokkar keppa bara einu sinni, þannig að eftir blóð, svita og tár eru það bara tvær til þrjár mínútur sem ráða úrslitum.” Keppni hefst á laugardag klukkan 8 og stendur til 16. Hún heldur svo áfram á sunnudag milli klukkan 8.30 til 12. Frítt er inn og selur foreldrafélag deildarinnar kaffi og með því á vægu verði til styrktar iðkendum. Nánar á www.skautasamband.is.



Kristín Jóhannsdóttir starfar við Vetrarólympíuleikana í Kanada. Hún segir starfið bæði skemmtilegt og fjölbreytt. MYND/ÚR EINKASAFNI

Orðin forfallinn hokkí-aðdáandi í Vancouver

Kristín Jóhannsdóttir hefur umsjón með túlkastarfsemi á Vetrarólympíuleikum sem haldnir eru í Kanada um þessar mundir. Hún segir starfið fjölbreytt og skemmtilegt.

Kristín Jóhannsdóttir er borinn og barnfæddur Akureyringur en hefur verið búsett í Kanada í rúm tíu ár. Kristín flutti til Kanada til að kenna íslensku við Manitoba-háskóla en flutti síðar til Vancouver til að stunda nám við Háskólann í Bresku-Kólumbíu og er um það bil að ljúka doktorsgráðu í málvísindum þaðan.

Kristín segist hafa haft augun opin fyrir auglýsingu um tungumálastarf í kringum Ólympíuleikana og sótti svo einfaldlega um vinnu. „Ég er ekki túlkur sjálf, en ég sé um túlkajónustu fyrir leikana, bæði sjálfboðaliðana og atvinnumennina. Við höfum þrjátíu

atvinnutúlka og um 200 sjálfboðaliða sem sjá um tungumálþjónustu á öllum keppnisstöðum, sem og í blaðamannahöllinni og í Ólympíuþorpunum,” segir hún.

Kristín eyddi æskuárunum í Hlíðarfjalli þar sem hún æfði skíði af krafti og varð meðal annars nokkrum sinnum Akureyrarmeistari, bikarmeistari unglunga og var einnig í unglingalandsliði Íslands þegar hún var fjórtán ára. „Ég held að ég hafi fengið túlkastarfið vegna þess að ég er þessi blanda af málfræðingi og íþróttamanneskju. Þetta var auðvitað óskastarf fyrir mig þar sem það sameinar áhuga minn á tungumálum og íþróttum,” útskýrir Kristín. Hún segir vinnuna í kringum leikana búna að vera skemmtilega, fjölbreytta og gjörólíka þeim akademíska heimi sem hún hafi lifað og hrærst í síðastliðin fjórtán ár.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Kristínu höfðu íslensku keppend-

urnir aðeins keppt tvisvar og segist hún fylgjast spennu með gengi þeirra á leikunum. Sjálf fer hún reglulega á skíði, gönguskíði og skauta og segist jafnframt vera mikill hokkíaðdáandi. „Ég fór reglulega á skíði og skauta þegar ég bjó í Manitoba en það er erfiðara hér í Vancouver því hér er ekki mikið vetrarríki nema maður fari upp í fjöllin. Ég er líka forfallinn hokkíaðdáandi en hef ekki enn tekið upp á því að spila hokkí sjálf því ég er ekki nógu góð á skautum til þess.“

Aðspurð segist Kristín ekki vita hvað taki við að Ólympíuleikum loknum en segist ætla að byrja á því að klára doktorsritgerðina sína og útskrifast. „Eftir það er ekkert ákveðið. Kannski fer ég til London og vinn við Sumarleikana árið 2012. Kannski geri ég eitthvað allt annað. Lífið hefur einhvern veginn alltaf tekið sína eigin stefnu og ég fylgi með.“

- sm

Fræðslunámskeið í Heilsuborg

Hefur þú greinst með háþrýsting, hækkaðan blóðsykur, sykursýki eða hjartasjúkdóm?

Vilt þú bæta lífsstílinn og vita hvað þú getur gert til að ná betri tókum á heilsunni?

Laugardaginn 27. febrúar á milli kl. 9 og 13

Frjáls aðgangur að heilsurækt Heilsuborgar í eina viku



Axel F. Sigurðsson, hjartalæknir



Arna Guðmundsdóttir, lyflæknir, sérfræðingur í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum



Bertha María Ársælsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur

Skráning í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is
Tilboðsverð kr. 8.900,-



Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir



Kristjana Jónasdóttir, sjúkráðgjafi



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Færeyingar í fyrsta hópnunum

Fyrsti erlendi ferðahópurinn sem von er á í Hlíðarfjalli við Akureyri kemur frá Færejum 10. mars. Hann flýgur beint frá Vogum á Akureyrarvöll.

„Þetta er 90 manna hópur sem kemur hingað með leiguflugi og stoppar í fjóra daga,” segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður í Hlíðarfjalli, glaðlega. Ekki er bara um skólafólk að ræða heldur blandaðan hópur en býst hann við að fólk sé vant á skíðum? „Já, Færeyingar fara alveg þokkalega mikið á skíði en hafa alltaf haldið suður á bóginn þar til núna að þeir horfa hingað norður. Við erum mjög ánægð með það. Það er trúlega ódýrara fyrir þá að koma hingað og við bjóðum ekki upp á síðri aðstöðu. Þeir verða hér á hótellum í bænum og svo alla daga í fjallinu,” segir hann. „Þetta er ekta pakkaferð,” bætir hann við og kveðst vonast til að enn fleiri hópar komi á næsta ári.



Snjóað hefur jafnt og þétt í Hlíðarfjalli undanfarið og þar er jafnan mikið fjör. Þetta langar Færeyinga að fá að upplifa. FRÉTTABLAÐIÐ/INDIANA

Guðmundur Karl segir Færeyingana koma gegnum Ferðaskrifstofu Akureyrar sem er líka að selja flugsæti út, þannig að Íslendingum gefst kostur á að skreppa til

Færeya og dvelja þar í fjóra daga, meðan skíðafólk þaðan er fyrir norðan. „Reykvíkingar þurfa bara að millilenda á Akureyri,” segir Guðmundur Karl hlæjandi. -gun

YFIRBURÐIR BYLGJUNNAR

MÍNÚTU FYRIR MÍNÚTU*



Auglýsingar á Bylgjunni eru lesnar samtímis á
Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.



* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í fjölda mínútna á viku.
Hlutdeild mínútufjölda útvarpshlustenda í aldurshópnum 18-49 ára, í viku 47, 2009.

LÉTT BYLGJAN GULL BYLGJAN BYLGJAN 989

• ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



● Í SPOR ÞÓRUNNAR

HYRNU Konum býðst gott tækifæri til að njóta góðrar úti-veru og hollrar hreyfingar með því að skella sér í skíðagöngu í Hlíðarfjalli á Akureyri á laugardaginn. Skíðagangan nefnist í spor Þórunnar Hyrnu og er haldin í þriðja sinn. Sem fyrr geta þátttakendur valið um tvær vegalengdir, annars vegar 3,5

kílómetra og hins vegar 7 kílómetra. Boðið verður upp á veitingar á miðri leið og ýmislegt í boði þegar komið er í mark. Þá er skíðaleiga á staðnum og einnig hægt að láta smyrja skíðin gegn vægu gjaldi. Lagt verður af stað á bilinu klukkan 13 til 13.30 en upphitun hefst klukkan 12.50. Þátttökugjald er kr. 1500, frítt er fyrir fjórtán ára og yngri. Skráning fer fram í gönguhúsi norðan Skíðastaða frá klukkan 12 eða á netfanginu hannadogg@simnet.is.

● **BRETTABÍÓ Í ROSENBORG** Brettafélag Akureyrar stendur fyrir sýningu á brettamyndinni Nice Try í Rosenborg, menningarhúsi í Brekkuskóla, á Akureyri laugardaginn næstkomandi klukkan 21. Í myndinni sést íslenski brettakappinn Eiríkur Helgason sýna listir sínar, allt frá stökkum yfir í rennsli niður fjöll. Nice Try er gefin út af Transworld Snowboarding, sem er vinsælasta brettablaðið um þessar mundir, en lesendur þess völdu Eirík nýlega snjóbrettamann ársins. Myndin er 35 mínútur að lengd og er enginn aðgangseyrir á sýninguna. Veitingar verða ekki í boði en heimilt er að mæta með eigin hressingu. Sjá www.brettafelag.is.



● MATUR Á KÖLDUM DÖGUM

Stundum er talað um sérstakan vetrarmat en hugtakið er ekki vel útskýranlegt þótt flestir geri sér í hugarlund um hvers kyns mat sé að ræða. Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur hefur skrifað um fyrirbærið og segir misjafnt hvað fólk setur í flokkinn en þó sé hann fyrst og fremst „notalegheitamat“ og er þá átt við mat

sem vekur notalegar tilfinningar og jafnvel minningar. Þannig er „notalegheitamat“ oft einhvers konar mömmumat, fiskibollur eða annað slíkt meðan aðrir telja vetrarmatinn vera heitar og matarmiklar súpur sem ylja og notalegt er að elda og borða.



Sigurbjörn Höskuldsson á góðum degi á toppi fjallsins með útsýni yfir Eyjafjörð.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Á snjóþotum, skíðum og brettum niður Kaldbak

Kaldbaksferðir bjóða ferðir með troðara upp fjallið Kaldbak austan megin Eyjafjarðar. Á toppnum geta menn notið útiveru eða rennt sér niður brekkurnar.

„Upphafið að Kaldbaksferðum má í raun rekja til áhuga míns og konu minnar á að skíða við öðruvísi aðstæður,“ segir Sigurbjörn Höskuldsson eigandi Kaldbaksferða sem stofnaðar voru í desember 1998.

„Við förum þá að velta fyrir okkur hvernig hægt væri að koma mörgum upp á fjöll í einu með auðveldum hætti,“ segir hann en vegna mikils bratta er ekki hlaupið að því að finna hentug farartæki. „Það kom í raun ekkert annað til greina en snjótroðari og því förum við út í að kaupa snjótroðara og smíða á hann yfirbyggingu fyrir tuttugu farþega,“ segir Sigurbjörn en ekki leið á löngu þar til búíð var að kaupa annan troðara og breyta honum til að geta flutt þrjátíu manns.

Kaldbaksferðir eru, eins og nafnið gefur til kynna, farnar upp á fjallið Kaldbak sem er hæsta fjall austan megin Eyjafjarðar. „Við völdum Kaldbak því fjallið er í þægilegri fjarlægð frá öðrum skíðasvæðum og snýr vel við sólu. Þá eru brekkurnar eins og þær gerast bestar á heims-mælikvarða, bæði brattinn og víðáttan,“ segir Sigurbjörn. Hann bætir við að fjölmargar leiðir séu færar niður fjallið, bæði brattar fyrir lengra komna og aflíðandi fyrir byrjendur.

Ekki er þó eingöngu hægt að renna sér niður fjallið á skíðum og brettum heldur geta fararstjórnar einnig útvegað þotur fyrir þá sem vilja. „Þetta eru stórar þotur ætlaðar fullorðnum,“ segir Sigurbjörn og vill meina að ekki sé síðra að renna sér á þotu en skíðum. „Það er bara gaman að vera ungur í anda og láta vaða,“ segir hann glaðlega.

Langflestir viðskiptavinir Kaldbaksferða eru Íslendingar



Skíði eru ekki skilyrði því einnig er hægt að skoða umhverfið á tveimur jafnfljótum.



Tveir snjótroðarar hafa verið útbúnir til að flytja farþega, annar getur flutt 20 manns en hinn 30.



Brekkurnar henta bæði lengra komnum og byrjendum.

og Sigurbjörn segist halda að aðeins um helmingur þeirra renni sér niður brekkuna, hinir njóti úti-vistar á toppi fjallsins. „Þetta er oft eina leiðin fyrir suma að komast upp á svona hátt fjall,“ segir Sigurbjörn sem er vélvirki að aðalstarfi. Kaldbaksferðirnar eru aukabúgrein hjá honum og fjölskyldunni enda yfirleitt farnar

um helgar en einnig er eitthvað um sérsniðnar ferðir fyrir hópa.

Peir sem vilja kynna sér starfsemina nánar er bent á www.kaldbaksferdir.com en þess má geta að fyrir fullorðna kostar ferðin með troðaranum 4.500 krónur, 2.500 krónur fyrir börn á aldrinum sex til tólf ára en ókeypis fyrir yngri börn sem setið er undir.

-sg

Ný námskeið hefjast 1. mars



Anna Sigurðardóttir, einkabjálfi m/B.S. í sálfræði



Anna Borg, einka- og sjúkrabjálfi



Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir



Haddy Anna Hafsteinsdóttir, íþróttaræðingur og einkabjálfi

• **Mitt líf - með jákvæðu hugarfari og hreyfingu**
Mán, mi og fö, kl. 6.20 - 7.20
Verð: **19.900.-**

• **60+ (60 ára og eldri)**
Mán og mi, kl. 10.00.
Verð: **13.500.-**

• **Hraðlest (byrjendur)**
Hádegistímar fyrir byrjendur í tækjasal
Mán, mi og fö, kl. 12:05-12:50
Verð: **19.900.-**

Hraðlest (framhald)

Hádegistímar fyrir lengra komna
Þri og fi, kl. 12:05-12:50
Verð: **14.900.-**

• **Kundalini Yoga**
Þri og fi, kl. 9:00-10:15
Verð: **14.900.-**

• **Þjálfun og líkamsvitund mæðra**
Markmiðið er að hjálpa mæðrum á öllum aldri að hefja hreyfingu eftir barnsburð
Á miðvikudögum, í 8 vikur
Verð: **19.900.-**

• **Heilsulausnir 3**
Mán, mi og fö kl. 16:30-17:30/
9:00-10:00 (12 vikur)

Hentar þeim sem glíma við offitu, hjarta-sjúkdóma, sykursyki eða áhættuþætti þessara sjúkdóma. Hentar einnig þeim sem vilja ítarlegt mat á heilsufari og áhættuþáttum.



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Námskeiðin eru í 6 vikur nema annað sé tekið fram



Depill notar GPS-netið og virkar um allt Ísland svo langt sem GSM-kerfið dregur. Spot-tækið er tengt GPS- og Global Star-gervitunnglanetinu. Upplýsingar um það eru á www.aucaraf.is.

Skynjarar auka öryggið að mun

Lítill tæki sem gefa frá sér upplýsingar um staðsetningu auka verulega öryggi þeirra sem ferðast utan alfaraleiðar eða þurfa á eftirliti að halda af öðrum ástæðum. Depill og Spot eru dæmi um slíka öndvegistækni.

Léttustu skynjararnir eru 55 grömm og á stærð við eldspýtu-stokka að sögn Baldvins Hanssonar hjá fyrirtækinu Rögg sem er með Depil. Fleiri gerðir eru til af Depli sem henta í bílinn, á sleðann eða fjórhjólið og hægt er að hafa í stöðugri hleðslu. „Í eðli sínu eru tækin öll eins uppbyggð,“ segir Baldvin. „Bak við þau eru GSM-símkerfið, GPS-tækni og rafhlaða. Tækið nemur feril þess manns eða tækis sem ber það og sendir boð í gegnum GSM-kerfið þar sem það er virkt. Þaðan fara boðin í tölvur og síma þeirra sem vilja fylgjast með. Komi eitthvað upp á er auðvelt að finna menn sem hafa þetta,“ lýsir hann og lofar að tækin virki í öllum veðrum, einungis sé spurning um GPS- og GSM-samband. „Þótt sambandið rofni um stund þá skráist ferillinn og og sá sem er með tækið hefur aðgang að sögunni sinni þegar heim er komið,“ segir hann.

Ásgeir Örn Rúnarsson hjá fyrirtækinu Aucaraf selur Spot-tækið. Það byggist á GPS-netinu og Global Star-gervitunnglanetinu. „Tækið er notað á nokkra mismunandi vegu,“ segir Ásgeir Örn og lýsir því nánar. „Á því er OK-takki sem maður getur ýtt á til að láta vita að allt sé í lagi, síðan er Help-takki sem sendir SMS-boð eða tölvupósta til einhverra persónulegra félaga um að hjálpar sé þörf. Svo er einn hnappur merktur 911 sem er notaður í neyð og boð úr honum skila sér beint til Neyðarlínunnar. Ef maður heldur OK-takkanum niðri smá stund er hægt að setja í gang svokallaða ferlun og þá sendir tækið sjálfkrafa boð um hvar þú ert, með tíu mínútna millibili. Þá getur sá sem er heima við séð á tölvunni á Google Maps hvernig ferðinni miðar.“

Ásgeir Örn segir Spot-tækið byggja á áskrift. GPS-tunglin náist nánast alls staðar á Íslandi en Global Star-tunglin séu sunnan við Ísland og geti verið í skugga ef leiðin liggir norðan við einhver fjöll. Ferillinn skráist samt sem áður og komi í ljós þegar komið sé framhjá fjallinu.

„Ég hef notað þetta tæki talsvert sjálfur á vélhjólaferðum með mínum félögum, meira að segja um eyðimörk í Bandaríkjunum var hægt að fylgjast með ferðum mínum á Google Maps.“ -gun

● ELDHUGAR SÝNA LISTIR Á AKUREYRI

Big Air-brettamótið fer fram í Hlíðarfjalli á Akureyri næstkomandi laugardag. Að sögn Viktors Helga Hjartarsonar, formanns Brettafélagsins á Akureyri, eru sjö ár liðin frá því brettamót af þessu tagi var haldið fyrir norðan. „Við höfum áður haldið svokallað Slope-style-mót hérna þar sem keppendur stökkva af nokkrum pöllum en í þetta sinn stökkva keppendur af einum palli í tveimur umferðum. Hver keppandi fær að stökkva þrisvar sinnum í fyrri umferð þar sem bestu tveir eru valdir. Leikurinn er svo endurtekinn í seinni umferðinni og sigurvegarinn sá sem fær flest stig en veglegir vinningar eru í boði.“ Viktor segir þátttöku hafa verið mjög góða á Slope-style-mótinu í fyrra. Það sóttu um fimmtíu manns og reiknar hann ekki með minni aðsókn í ár. Keppnin hefst í Hlíðarfjalli á laugardag klukkan 11. Skráning fer fram í fjallinu klukkan 10.30 og er þátttaka ókeypis. Sjá www.brettafelag.is.



Námskeið

Garðyrkja og garðhönnun
Arkitektúr og skipulag



Skráning í síma 578 4800 eða á www.rit.is



Ræktun ávaxtatrjáa, tvö kvöld

Mánudaginn 1. og 8. mars kl. 19:00 - 21:30.
Verð kr. 12.800.- Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson.

Matjurtaræktun, tvö kvöld

Miðvikudaginn 3. og 10. mars kl. 19:00 - 21:30.
Verð kr. 12.800.- Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson.

Ræktun berjarunna

Mánudaginn 8. mars kl. 17:00 - 18:30.
Verð kr. 3.900.- Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson.

Kryddjurtaræktun

Miðvikudaginn 10. mars kl. 17:00 - 18:30.
Verð kr. 3.900.- Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson.

Klipping trjáa og runna og víðinytjar

Miðvikudaginn 24. febrúar kl. 17:00 - 18:30.
Verð kr. 7.900.- Leiðb: Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson.

Sumarhús frá draumi til veruleika

Tvö kvöld, mánudaginn 1. og 8. mars kl. 19:00 - 21:30.
Verð kr. 12.800.-
Leiðb: Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson arkitektar.

Handbók húsbýggjandans - frá hugmynd til veruleika

Tvö kvöld, miðvikud. 10. og 17. mars kl. 19:00 - 21:30.
Verð kr. 12.800.-
Leiðb: Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson arkitektar.

Maður og umhverfi

Mánudaginn 15. mars kl. 19:00 - 21:30.
Verð kr. 7.900.- Leiðb: Páll Jakob Lindal nemi í umhverfissálfræði.

Tímaritið Sumarhúsið og garðurinn

■ Skemmtilegt lífstílmartit fyrir alla sem hafa áhuga á garðyrkju, útiveru og sumarhúsalífi.



Áskriftarverð 2010

kr. 3.560 (Kort) og kr. 3.800.- (Gír).
Fjögur blöð koma út á árinu, í mars, maí, ágúst og nóv. Með gíró er greitt fyrir allt árið í einu + sendingarkostnaður, en með korti er greitt fyrir hvert tölublað fyrir sig.

■ Tvö eldri blöð fylgja frítt með áskrift.



Leiðbeinendur á námskeiðunum

Auður I Ottesen garðyrkjufraeðingur, Jón Guðmundsson garðyrkjufraeðingur, Hlédís Sveinsdóttir arkitekt, Gunnar Bergmann Stefánsson arkitekt, Björn Jóhannsson landslagsarkitekt og Páll Jakob Lindal doktorsnemi í umhverfissálfræði.

Hvar eru námskeiðin haldin?

■ Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, 111 Reykjavík. Einnig bjóðum við upp á námskeið úti á landi.

Skráning

■ Skráning og nánari upplýsingar eru í síma 578 4800, á heimasíðu okkar www.rit.is og á netfang rit@rit.is



Merkurlaut

Merkurlaut ehf
Hamrahlíð 31
105 Reykjavík
Sími 578 4800



SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAADGERÐASKÓLI

www.snyrtiakademian.is • Hjallabrekka 1 • sími 553-7900



Snyrtiskólinn

- Snyrtiskólinn er einkaskóli með CIDESCO réttindi.
- Nám í snyrtifræði er hagnýtt og skemmtilegt nám
- Snyrtiskólinn er viðurkenndur af Menntamálaráðuneytinu
- Námið er lánshæft hjá LÍN
- Næsta önn hefst í mars

Fjölbreytt nám og glæsileg aðstaða

Tekið er við umsóknum í alla skólana núna.
Hægt er að skrá sig á www.snyrtiakademian.is og í síma 553-7900



● FLJÓTANDI HÓTEL

Fjallaleiðsögumaðurinn Jökull Bergmann býður upp á ýmsar skemmtilegar nýjungar í vor. Þar ber hæst fjallaskíðaferðir á skútu þar sem siglt verður vestur frá Húsavík og um Náttfaravík, Flateyjarsund og Hvalvatnsfjörð. „Farið verður á skútu frá Norðursiglingu á Húsa-

vík og viðkoma höfð á þessum stöðum þar sem farþegum gefst færi á skíðaiðkun,“ útskýrir Jökull og bætir við að gist verði um borð í skútnunni. „Segja má að hún gegni hlutverki eins konar hótels, þar sem farþegar borða og hafa náttstað.“

Þá segist Jökull ætla að keyra af stað með annað verkefni sem hann prófaði síðasta sumar. „Ég mun bjóða upp á nýjar ferðir á Tröllaskaga sem kallast Haute Route tröllanna. Þar verður farið yfir Tröllaskaga þveran frá norðri til suðurs, það er að segja frá Siglufirði og til Akureyrar.“

● DALVÍKURSLÉÐINN TIL DANMERKUR

Dalvíkursléðinn er meðal margra eigulegra muna á sýningunni Íslensk samtímahönnun - húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr sem verður opnuð í Dansk Design Center nú á föstudaginn, 26. febrúar. Þessi virta, danska hönnunarmiðstöð er á HC Andersens Boulevard og þetta mun vera í fyrsta sinn sem íslensk sýning er sett þar upp. Hún skapar einstakt tækifæri fyrir íslenska hönnun og arkitektúr og er liður í markvissri kynningu og markaðssetningu Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Dalvíkursléðinn er hannaður af Dalvíkingnum Degi Óskarssyni vöruhönnuði og framleiddur af Promens á Dalvík. Sléðinn er upphafning á gömlum arfi, jafnt hugsaður til hagnýtra nota og gamans að því er segir á heimasíðu Dags.



Það hefur aldrei gerst í sögu Bláfjalla að lokað hafi verið allan veturinn og framkvæmdastjóri svæðisins vonar að engin breyting verði á nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Við þurfum tvo heila daga í almennilegri snjókomu til að geta farið að gera eitthvað,“ segir framkvæmdastjóri skíðasvæðisins í Bláfjöllum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Æfingahópar frá Reykjavík streyma á skíði til Dalvíkur þessa dagana.

Öryggi í fjallaferðum!



Einnig skóflur og snjóflóðastangir í miklu úrvali.

Arva EVO3 snjóflóðaylar eru með þeim einföldustu á markaðnum án þess að öryggi sé fórn. EVO3 er 100% stafrænn, þriggja loftneta og sýnir vegalengd og stefnu í rauntíma á LCD-skjá. 5 ára verksmiðjuábyrgð.

GARMIN BÚÐIN

Ögurharfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | www.garmin.is

Snjóðansinn stiginn

Skíðafæri og aðstæður eru afar misjafnar milli landshluta þessa dagana. Nægur snjór er á Norðurlandi en ekkert hefur verið opnað í Bláfjöllum og Skálafelli í vetur.

„Það er rosalega skemmtilegt að standa í þessu þegar svona vel gengur,“ segir Alfreð Almarsson, skrifstofustjóri skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli á Akureyri. Aðspurður segir hann hafa gengið á með eljum í gærðag en aðstæður væru fínar í fjallinu og nokkuð um skíðandi fólk.

Alfreð segir of mikinn snjór aldrei verða að vandamáli, en stóra spurningin sé hvenær snjóar. „Þegar það snjóar svona meðan opið er þá þyngist að sjálfsögðu færið, en það er ekkert vandamál. Hingað mæta þrjú menn á þremur troðurum á miðnætti og troða til klukkan tíu á morgnana, þannig að þetta er hörkuvinna. Ég myndi giska á að þeir troði í kringum fjörutíu til fimmtíu hektara.“

Alfreð segist búa við góðri aðsókn á skíðasvæðið um helgina, þótt ólíklegt sé að hún verði jafn góð og um síðustu helgi. „Sú helgi var svakaleg. Vetrarfríið í skólunum hefur sitt að segja og menn eru að tala um að laugardagurinn, þegar tæplega 2.700 gestir renndu sér á skíðum í fjallinu, sé næst stærsti dagurinn í sögu svæðisins. Ég myndi telja að um 2.500 hafi



Tæp 2.700 manns renndu sér á skíðum í Hlíðarfjalli á laugardaginn var sem er met.

verið aðkomufólk, enda bærinn fullur af fólki og flest gistirými uppöntuð. Fólk gisti á Illugastöðum í Fnjóskadal og lengst inni í Eyjafirði.“


DANSA SNJÓDANSINN Í BLÁFJÖLLUM

Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu, var staddur á Ísafirði að kynna sér snjóframleiðslu þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Spurður um skíðafærið í Bláfjöllum og Skálafelli segir hann slíkt færi ekki vera til staðar. „Við fylgjumst grannt með spánni og í dag hefur hún breyst úr töluverðri snjókomu í smá snjókomu og gæti verið að breytast aftur, en við þurfum tvo heila daga í almennilegri snjókomu til að geta farið að gera eitthvað. Ég vona að það gerist fljótlega. Við höfum reynst ýmislegt til

að kalla snjóinn fram, dansað snjóðansinn og fleira.“ Hann segir það aldrei hafa gerst í sögu Bláfjalla að ekkert hafi verið opnað yfir veturinn. „Einhvern tímann er allt fyrst, en við vonum að það verði ekki núna.“

FÁ MARGA HÓPA AÐ SUNNAN

Aðstæður voru góðar á skíðasvæði Dalvíkur í Böggvissstaðarfjalli í gær, þótt heldur snjóþungt væri. Björgvin Hjörleifsson, þjálfari á skíðasvæðinu, segir mikinn fjölda af skíðafólki úr Reykjavík hafa sótt svæðið heim að undanförmu. „Við fáum hingað marga þrjátíu til fjörutíu manna æfingahópa. Um helgina eigum við til að mynda von á 200 til 300 manna hópi úr félagsmiðstöð og annað eins um þarnæstu helgi. Hér verður allt í fínun gangi þar til snjóinn þrýtur,“ segir Björgvin. -kg



Gestur hátíðarinnar skoðar mikilfenglega snjóstyttu á hátíðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Heil borg úr ís og snjó

Ævintýrakastalar, risastórar styttur af Búdda og jafnvel egypskur sfínx eru meðal þess sem er að sjá á alþjóðlegri ís- og snjóhöggmyndahátíð í Harbin í Kína.

Hátíðin hefur verið haldin frá árinu 1963 en féll niður í nokkur ár vegna menningarbyltingarinnar í Kína. Hún hefur þó verið haldin árlega frá 1985.

Harbin er höfuðborg Heilongjiang-héraðsins í Kína. Borgin er í norðausturhluta Kína þar sem gætir vetrarvinda sem blása frá Síberíu. Meðalhitinn á veturna er 16,8 gráðu frost en kuldinn getur farið allt niður í mínus 38 gráður. Hátíðin hefst opinberlega í janúar og stendur í mánuð. Ís- og snjóskúlptúrar eru af fjölbreyttum toga og nota listamennirnir bæði hefðbundnar aðferðir við gerð þeirra en einnig nýstárlegar á borð við leiserækni.

Hátíðin í Harbin er ein af fjórum stærstu íshátíðum heims. Hinar eru Sapporo-hátíðin í Japan, Quebec-vefrarkarnival í Kanada og skíðahátíð í Noregi.



Stærðir skúlptúranna eru magnaðar.



Heil borg úr ís og snjó hefur risið í Harbin í Kína þar sem fjórða stærsta ís- og snjóhátíð heims er haldin árlega. Kuldar eru miklir í borginni enda meðalhiti yfir vetrartímann um 16,8 gráður í mínus.

REIKNAD MEÐ HARÐRI KEPPNI

Vetrarhlaup á vegum UFA fer fram á Akureyri næstkomandi laugardag. Rannveig Oddsdóttir, formaður langhlauparadeildar UFA, segir hlaupið það fimmta af sex sem UFA stendur fyrir í vetur. „Hvert hlaup er sjálfstætt en það eykur vitanlega líkurnar á sigri í stigakeppni að taka þátt í öllum sex,“ segir hún og lýsir fyrirkomulaginu. „Hlaupið hefst við líkamsræktarstöðina Bjargey á laugardag klukkan 11. Hlauparar geta haft fataskipti á Bjargi og farið í sturtu og heita potta eftir hlaup.

Vegalengdin er tíu kílómetrar og tekur yfirleitt á bilinu 35-60 mínútur að klára hana. Keppt er í stigakeppni í flokki karla og kvenna og einnig í tveimur aldursflokkum. Eitt stig fæst fyrir þátttöku í hverju hlaupi. Fjögur efstu sætin í hverjum flokki gefa síðan tvö til fimm stig, þannig að fyrsti maður fær fimm stig, annar fjögur stig, þriðji þrjú stig og fjórði tvö stig.“ Rannveig bætir við að skráning fari fram hálf tíma fyrir keppni en þátttökugjald er 500 krónur. Frítt er fyrir börn og unglínga sem æfa frjálsar íþróttir hjá UFA. Nánar á www.ufa.is.



Allt fyrir vetrarsportið

Komdu á Kletthálsinn og skoðaðu úrvalið!

| | | | |
|--|--|--|--|
|  <p>AT405 RADIAL 38" dekk - sérhannað fyrir akstur í snjó. Byggt á reynslu íslenskra jeppamanna.</p> |  <p>Grizzly 700 árgerð 2010</p> |  <p>Fatnaður</p> |  <p>Töskur og annar aukabúnaður</p> |
|  <p>FXNytro M-TX árgerð 2010</p> |  <p>Spil og loftdætur</p> |  <p>Álbox í ýmsum stærðum</p> | |
|  <p>FXNytro X-TX árgerð 2010</p> |  <p>Sætaáklæði. Passar á flestar tegundir bifreiða</p> |  <p>Hjálmar, skór og fatnaður</p> | |

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900



arctictrucks.is



Snjópotur hafa notið mikilla vinsælda síðan þær komu fram á 7. áratugnum.

Slys fyrstu snjósleðaárin

Snjópotur, svipaðar þeim og við þekkjum í dag, fóru að sjást á Íslandi á 7. áratugnum en þar til þá höfðu gamaldags heimasíðaðir sleðar verið notaðar af ungvíðinu til að renna sér á vetrum. Í fyrstu virðast slys af völdum snjópotna hafa verið tíðari en þau eru í dag, kannski meðan fólk var enn að læra á nýja fyrirbærið, og árið 1968 birtist frétt í Morgunblaðinu þess efnis að slys af völdum snjópotna væru mjög tíð í brekkunum á Akureyri.

Tíu árum síðar, árið 1978, auglýstu verslanir svo Bikarinn, snjópotur með stýri og bremsum, og „stiga-sleðar“ svokallaðir urðu afar vinsælir.

-jma



● KAKÓ Á KÖLDUM

DEGI Heitur bolli af heitu kakói vermir litla og stóra kroppa á köldum vetrardegi. Þótt súkkulaðið eitt og sér sé ávallt gómsætt eru til ýmsar uppskriftir að öðruvísi súkkulaðidrykkjum. Sumir blanda chili, engifer eða vanillu út í drykkinn og eins er gott að bæta sykurpúðum út í hann.

Kakó með sykurpúðum

5 dl mjólk
8-12 sykurpúðar
1 msk. kókómalt
1 msk. kakó
2 msk. brandí eða romm

Hitið mjólkina að suðu. Setjið helminginn af sykurpúðunum í skál, hellið mjólkinni yfir og hrærið þar til púðarnir eru bráðnaðir. Setjið kókómaltið og tvær teskeiðar af kakóinu í aðra skál eða könnu og hellið hluta af mjólkinni yfir og hrærið þar til duftið leysist upp. Bætið brandí eða rommi út í og síðan afganginum af mjólkinni. Hellið í bolla, skiptið sykurpúðunum niður á bolla og sigtið svolítið kakó yfir. Uppskrift úr bókinni Matarást.

● **SPENNANDI VETRARFERÐIR** Ferðafélag Íslands stendur reglulega fyrir ýmsum spennandi ferðum, þar á meðal svokölluðum vetrarferðum. Næst er fyrirhugað jöklanámskeið fyrir félagsmenn með aðstoð fararstjóra 14. mars næstkomandi. Lagt verður af stað frá Mörkinni 6 klukkan átta um morguninn í vettvangsferð í Bláfjöll, þar sem grunnatriði í ferðamennsku á jöklum ásamt sprungubjörgun verður kennd. Leiðsögn og búnaður innifalinn. Nánari upplýsingar um verð á www.fi.is.



● **GÓÐ RÁÐ VEL ÞEGIN** Ekki er auðvelt að kaupa skíði í fyrsta sinn. Að mörgu þarf að huga, hvað varðar skíðin sjálf, skíðaskóna og annan skíðabúnað. Fólk er því ráðlagt að fá aðstoð við valið hjá fagfólki skíðaverslana enda nauðsynlegt að búnaðurinn henti þeim best sem hann ætla að nota.



Skrifstofuvörur í úrvali

Skoðið heimasíðuna

Límstifti 149 kr/stk

Pennar 50 stk í pakka kr 2.990

Fingrafæiti
439 kr/stk



Vörunr.
2920

egla
Bréfabindi



TILBOÐ
Möppur A5
Bláar og gráar
Tilboð: 299 kr.

Veljum íslenskt
– okkar hagar!

Samtök iðnaðarins - www.si.is

SI



S:5628500 - www.mulalundur.is

MÚLALUNDUR



Í Efesus eru geysilega mikilvægar fornminjar.

MYND/GÖNGU-HRÓLFUR



Gengið á land í eyju í Fethye-flóanum.

Sagan við hvert fótmál

Tíu daga göngu- og söguferð um suðvesturluta Tyrklands er fram undan hjá Göngu-Hrólfí og Ferðaskrifstofunni Vita. Lagt verður upp í lok maí og fararstjóri verður Magnús Jónsson, gönguhrólfur og sögumaður.

„Þetta er útivistar- og skemmtiferð með léttum göngum og sagan er við hvert fótmál. Þarna verður innlendir, fróður fararstjóri aðalmaðurinn. Ég verð honum svo til halds og trausts,“ segir Magnús brosandí þegar hann er spurður út í væntanlega Tyrklandsferð Göngu-Hrólfis. Magnús er margreyndur fararstjóri, meðal annars um Grikkland og Pýreneafjöllin og um sögulóðir Íslendinga því hann hefur tekið við af Jóni Böðvarssyni að fræða fólk um Íslendingasögurnar hjá Endurmenntun HÍ.

Magnús segir ferðina til Tyrklands einmitt sniðna fyrir þá sem vilji frekar ganga um fornar borgir og minjar en fjöll og firnindi. „Hápunktur ferðarinnar verður skoðunarferð um hina einstöku borg Efesus sem er eitt mikilvægasta fornminjasvæði heims. Þar eru marmaragötur, hringleikahús og baðhús,“ lýsir Magnús og minnst á margt áhugavert svo sem ferð til Afrodísias, borgar ástargyðjunnar, en þangað segir hann fólk hafa komið til að baða sig úr heilsusamlegu vatni allt frá því um 2000 fyrir Krist. Sigling milli hinna tólf eyja Fethye-flóans er á dagskrá og farið verður í skoðunarferð um grískan draugabæ að sögn Magnúsar auk þess sem siglt verður um undurfagra árósa að Iztuzu-ströndinni. „Ströndin er friðuð vegna sæskjaldbakanna sem verpa þar,“ upplýsir hann og bendir á greinargóðar upplýsingar á síðunum www.vita.is og www.gonguhrolfur.is auk þess sem kynning sé á ferðum Göngu-Hrólfis í kvöld klukkan 20 í húsakynnum Vitaferða í Skútuvogi 13.

gun@frettabladid.is



Ég verð tyrkneska fararstjóranum til halds og trausts,“ segir Magnús högvær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heilræði á flugi

LANGAR FLUGFERÐIR GETA VALDIÐ ÁLAGI Á LÍKAMANN. GOTT ER AÐ HREYFA SIG SEM MEST, DREKKA VATN OG FORÐAST STREITU.

Langar flugferðir geta verið erfiðar. Einkum getur flug til fjarlæggra staða, sem tekur kannski sex klukkutíma eða meira, verið slæmt fyrir blóðrásina. Hefur jafnvel mátt rekja blóðtappa til kyrrsetu á löngum flugleiðum. Hér eru nokkur heilræði sem bætt geta líðan ferðalanga.

- Peir sem haldnir eru sjúkdómum eða taka lyf reglulega ættu að ráðfæra sig við lækni sinn áður en haldið er af stað.
- Forðast streitu með því að fara tímanlega út á flugvöll.
- Nota kerrur og önnur hjálpartæki við að flytja farangur.
- Vera í þægilegum ferðafötum og skóm.
- Fara í léttu göngu í flugstöðinni meðan beðið er eftir brottför.
- Forðast þungar máltíðir.
- Drekkja vatn, helst lítið í einu en oft.
- Drekkja áfengi, kaffi og te í hófi eða alls ekki.
- Hreyfa sig öðru hverju meðan á flugi stendur.
- Gera léttar æfingar í sætinu. Til dæmis fyrir háls, herðar, ökkla, kálfa, bak og mjaðmir bæði með því að liðka liðamót og teygja úr vöðvum.
- Reyna að sofa eða hvílast.
- Notu tækifærið og teygja úr sér og ganga um meðan beðið er eftir farangri.
- Ef börn eru með í för þarf að gæta sérstaklega vel að líðan þeirra og tryggja þeim hæfilega blöndu af hreyfingu, skemmtun og ró.

Heimild: www.landlaeknir.is



Safnaðu Vildarpunktum Icelandair með því að leigja bíl frá Sixt.

(500 Vildarpunktar Icelandair fylgja sérhverjum bílaleigubíl frá Sixt. Nú færðu allt að 2000 punkta*)

Þegar þú leigir bíl hjá bílaleigunni Sixt, hvar sem er í heiminum, færðu allt að fjórfalda Vildarpunkta Icelandair.* Bílaleigan Sixt er stærsta bílaleiga Þýskalands með yfir 3.500 afgangslustaði í yfir 100 löndum. Skoðuðu bílaleigubíla á www.sixt.is eða hafðu samband í síma 540 2220. **Punktatilboð Vildarklúbbs Icelandair og Sixt gildir til 31. mars 2010.**

SIXT
rent a car

*Félagar í Vildarklúbbi Icelandair fá 1000 Vildarpunkta fyrir leigu í 1 eða 2 daga. Fyrir leigu í 3 til 6 daga fást 1.500 Vildarpunktar og 2000 punktar fyrir leigu í 7 daga eða lengur. Bílaleigan Sixt - Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík - 540 2220 - www.sixt.is - sixt@sixt.is

the *spirit* of mobility



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Frábært verð í Bónus Frábært verð í Bónus Frábært verð í Bónus



159

KR.STK

COLGATE TANNBURSTAR



GÓÐ TANNHIRÐA



259

KR.PK

COLGATE TANNKREM 100 ML



598

KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



398

KR.KG

KJARNAFÆÐI NÝTT KJÖTFARS



598

KR.PK

NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI



198

KR.STK

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG



25%
AFSLÁTTUR

OS BRAUÐOSTUR STÓRT STYKKI 25% AFSLÁTTUR VIÐ KASSA

MERKT VERÐ 1296 KR. **972 KR.KG**



198

KR.STK

MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770G



149

KR. 3 STK

BÓNUS HREINN SAFI 3 FERNUR 250ml APPELSINU OG EPLA



898

KR.KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK



159

KR.STK

BÓNUS NÝBAKAÐIR SNÚÐAR SÜKKULADI OG KARAMELLU



149

KR. 3 STK



195

KR.STK

EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG



139

KR.STK

EUROSHOPPER TÚNFISKUR 185G VATN OG OLÍA



1398

KR.STK

ARIEL ÞVOTTAEFNI 28 ÞVOTTAR



198

KR. 2 FL

HEINZ TÓMATSÓSA 567G TVÆR FLÖSKUR



39

KR.STK

EUROSHOPPER MAISKORN 340g BEST FYRIR JÚLÍ 2010



398

KR.4 DS

HEINZ BAKAÐAR BAUNIR 4 DÓ SIR/ 420G

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA



HEFUR STERKAR TAUGAR TIL SVÍPJÓÐAR Hera hefur frá árinu 2006 sankað að sér sænskum vísum og ballöðum og leitast við að gera þær aðgengilegri fyrir íslenska hlustendur. Útkomuna má heyrja í salnum 3. mars. Mynd/úr einkasafni

HERA ÓLAFSDÓTTIR: FYLGIR EFTIR SÓLÓPLÖTU MEÐ SÆNSKUM ÞJÓÐLÖGUM

Sænsk vinaljóð í Salnum

Söngkonan Hera Ólafsdóttir heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi 3. mars næstkomandi til að fylgja eftir sólóplötu sinni, Vinaljóð, sem kom út rétt fyrir síðustu jól. Vinaljóð er samansafn af fjórtán sænskum vísum og þjóðlögum sem hafa verið þýdd yfir á íslensku.

Allir textarnir nema tveir eru eftir Heru, en hún ákvað að notast við áður útgefinn texta Ragnheiðar Gröndal við lagið Kristallen den fina (Gef að stjörnur skíni) og texta Hjalms Freysteinsonar við perluna Vem kan segla (Vinaljóð). Útsetningarnar eru innblásnar af skandinavískum þjóðlagadjassi, en markmiðið var að sögn Heru að gera tónlistina aðgengilega fyrir

alla án þess þó að draga úr feegurðinni, treganum, söknuðinum, ástinni og einfaldleikanum í textunum. Útkoman ber hlustandann með sér inn í heim náttúru og ævintýra í nútíð og fortíð.

Hera Ólafsdóttir hefur hingað til ekki haft tónlist sem aðalstarf en hefur verið syngjandi frá unga aldri. Hún ólst upp í Svíþjóð þar sem hún tók þátt í söng- og tónlistarstarfi af ýmsu tagi. Snemma á vormánuðum 2006, eftir margra ára nám í söng- og leikhúsfræðum bæði á Íslandi og á erlendri grund, fór Hera að sökkva sér ofan í sænskar vísur og ballöður til að reyna að gera þær aðgengilegar fyrir íslenska hlustendur. Hún hófst handa við að safna saman upptökum og

nótum og smám saman fór verkefnið að taka á sig mynd. Hún þýddi meginpart textanna sjálf og fékk til liðs við sig nokkra af færustu hljóðfæraleikurum landsins.

Haustið 2008 hóf Hera stundakennslu við Kvikmyndaskóla Íslands og ári seinna tók hún við sem deildarforseti leikstjórnar- og framleiðsludeildar skólans. Hún hélt þó áfram að vinna að upptökum og útsetningum og til stóð að gefa vinaljóðin út í byrjun nóvember á síðasta ári en sökum anna varð seinkun á því. „Því var ákveðið að læða geislaflötunni í búðir rétt fyrir jól og fylgja honum almennilega eftir með tónleikum og kynningum eftir áramót,“ segir Hera. vera@frettabladid.is



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Grund 16. febrúar 2010. Jarðarförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.00.

Birna Björnsdóttir Bragi Gíslason
Rannveig Björnsdóttir Þórarinn Flosi Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir minn og afi,

Bjarni Magnússon

til heimilis að Hrafnistu,
áður Bergstaðastræti í Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 21. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 1. mars klukkan 13.00.

Guðbjörg Bjarnadóttir
Helga Birgisdóttir
Ragnar Birgisson
Sverrir Birgisson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Guðlaug

Bárdardóttir

Stífluseli 8,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.00.

Símon V. Gunnarsson Eygló Andrésdóttir
Jóna Guðrún Gunnarsdóttir Jón Sveinn Friðriksson
Matthías Gunnarsson Katrín Eiríksdóttir
Dagný D. Gunnarsdóttir Halldór D. Guðbergsson
Kristín Gunný
Gunnar Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær frændi okkar,
Guðmundur E.

Jóhannsson

Hátúni 12, Reykjavík, áður
Kleppsvegi 90, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hörður Óskarsson
Steinn Ragnarsson



Kær systir okkar,

Árnína Guðmundsdóttir

fv. yfirhjúkrunarkona Barnspítala
Hringsins,

verður kvödd frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kristín Guðmundsdóttir
Aðalbjörg Guðmundsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Bjarnadóttir

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

áður húsfreyja á Ásólfstöðum í Djórsárdal, verður jarðsöngin frá Stóra-Núpskirkju í Gnúperjahreppi, laugardaginn 27. febrúar kl. 14.00.

Amalía Stefánsdóttir Leif Bryde
Páll Stefánsson Natál Stefánsson
Guðný Stefánsdóttir
Hafsteinn Stefánsson Sigrún Óla
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rannveig Magnúsdóttir

Garðvangi, Garði, áður til heimilis að
Lyngholti 9, Keflavík,

verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 26. febrúar kl. 14.00.

Björgvin Halldórsson Rebekka Dagbjört Jónsdóttir
Guðmundur Halldórsson Hulda Árnadóttir
Kristín Halldórsdóttir
Þorgeir Ver Halldórsson Inga Sjöfn Kristinsdóttir
Óskar Halldórsson Hildur Harðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Jónatansdóttir

Bröttugötu 2, Borgarnesi,

verður jarðsöngin frá Borgarneskirkju föstudaginn 26. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbameinsfélagin.

Jón S. Pétursson Sverrir Hjaltason
Jakobína S. Stefánsdóttir María E. Guðmundsdóttir
Pétur V. Hannesson Birna R. Ingimarsdóttir
Friðþjófur Th. Ruiz
barnabörn og barnabarnabörn.



Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasiðum blaðsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið tímamot@frettabladid.is



ÍDNÓ TILBRIGÐI VIÐ STEF

eftir Þór Rögnvaldsson

Stef: Hin sterkari eftir Strindberg

Síðasta sýning: 25. feb. fim kl. 20.00

Fbl. ★★★★★ Elisabet Brekkan

Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir

Klassískt verk fullt af leikgleði.

Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel

upp enda enginn nýgræðingur í faginu.

Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu
www.midi.is – tilbrigdi.com

POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Sendu okkur símamynd!



POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega. Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar. Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvö kassa af Doritos í verðlaun.*

Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is

Við viljum tvífara fræga fólksins!

Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.



vodafone



HORFÐU Á ALLT ÞAÐ BESTA ÚR ÆNSKA BOLTANUM Á VÍSIR.IS



Vinstrið var alltaf í vörn

BAKPANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé

Það hefur stundum tekið á að vera vinstri maður á Íslandi, ekki síst í miðjum uppgangi peningahyggunnar. Raunar hefur peningahygga gegnsýrt þjóðfélagið lengi, þó um þverbak hafi keyrt í hlutabréfa- og myntkórfulána-geðveiki síðustu ára fyrir hrún. Það að vera vinstri maður hefur nefnilega lengi afmarkast af því að vera í vörn. Á meðan hugmyndafræði þeirra til hægri var ljós, voru vinstri menn alltaf að verja eitthvað. Það á bæði við um verkalýðshreyfingu og stjórnmálamenn.



LÖNGUM var eins og hér á Íslandi hefði verið búið til hið fullkomna samfélag um og upp úr miðri síðustu öld og að með lögum um félagslegt tryggingakerfi hefði fullkomnun verið náð. Annað var ekki hægt að skilja af leiðtogum vinstri-sins. Allt snerist um að verja velferðarkerfið, verja kaupmáttinn, verja heilbrigðiskerfið, verja réttindi launafólks, verja hitt og verja þetta.

HVAR var sóknin? Hvar var eldmóðurinn sem hefði átt að fá ungt fólk til að fylkja sér undir merkjum baráttunnar fyrir betra lífi? Betra lífi, ekki bara því að verja það líf sem einhvern tímann hafði náðst.

NÚ er svo komið að vinstri menn þurfa virkilega að vera í vörn. Hrun efnahagslífsins með tilheyrandi fjárlagahalla kallar á niðurskurð og skattahækkunir. Og þá tekur baráttan við um hvar á að skera niður og hvar á að hækka skatta. Það er virkileg barátta um að verja velferðarkerfið, kaupmáttinn, réttindi launafólks og hvað það nú heitir. Nú reynir á og ljóst að eitthvað verður undan að láta; að öðrum kosti mun trauðla nást að stoppa í gatið á fjárlögnum.

PESS vegna er það enn grátlegra að hugsa til þess hve mörgum árum var sóað í þessa endalaus vörn. Alveg var sama hvort um var að ræða vinstri stjórnir fyrri tíma, verðbólgu niunda áratugarins, stöðugleika þjóðarsáttarinnar eða uppgang efnahagslífsins; alltaf snerist baráttan um að verja velferðarkerfið og það sem áunnist hafði.


LEIÐTOGAR vinstriflokkanna og verkalýðshreyfingarinnar síðustu áratugi bera mikla ábyrgð. Vissulega tókst að verja ýmislegt, en mikið hefði verið gaman ef hægt hefði verið að sækja fram á hugmyndum vinstri stefnunnar.

BARÁTTA fyrir stöðnun er engin barátta, heldur uppgjöf.

■ Pondus

mundasögur

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> VAR VONGÓÐUR

Pegar leikarinn **Johnny Depp** var nýverið spurður hvort hann hefði ávallt haft trú á leiklistarferli sínum svaraði hann því neitandi. „Nei, alls ekki. Ég hafði enga hugmynd um hvert þetta stefndi. Það er ógjörningur að ætla sér að vita það. Ég vissi ekki hvað mundi gerast, en ég hélt alltaf í vonina.“



Cheryl sparkar Ashley Cole

Söngkonan Cheryl Cole gaf frá sér fréttatilkynningu stuttu eftir að hún lenti í London eftir að hafa flúið heimili sitt í kjölfar fréttar af framhjáhaldi eiginmanns síns, fótboltakappans Ashley Cole. Upp komst um framhjáhald Ashley Cole í fyrsta sinn árið 2008 en Cheryl ákvað að fyrirgefa eiginmanni sínum það hliðarspor. Í síðustu viku flutti tímaritið The Sun fréttir af því að Ashley hafi verið samur við sig og átt vingott við þrjár aðrar stúlkur.

Í fréttatilkynningunni frá Cheryl segir að hún hafi ákveðið að skilja

við Ashley og að hún biðji fjölmiðla um að sýna henni skilning á þessum erfiðu tímum. Ashley hafði kvöldinu áður flutt út af heimili þeirra að beiðni Cheryl.

Cheryl er í miklu upphaldi hjá breskum fjölmiðlum og var meðal annars valin best klædda kona ársins 2009.

SKILIN Cheryl Cole hefur ákveðið að skilja við eiginmann sinn, fótboltakappann Ashley Cole.

MYND/NORDICPHOTO



fólk

folk@frettabladid.is

Segir skilið við Epic

Leik- og söngkonan Jennifer Lopez hefur sagt skilið við útgáfufyrirtæki sitt, Epic Records, sem er í

eigu Sony. Ekki er víst hvort hún var látin fjúka eða hvort samningurinn var einfaldlega útrunninn. „Jennifer og Sony Music Group hafa átt gott samstarf,“ sagði umboðsmaður Lopez. „Þau hafa átt góðar stundir saman en kominn var tími á breytingar sem henta ferli hennar betur sem leikkonu og tónlistarmanni.“ Hún mun á næstunni undirrita samning við annað útgáfufyrirtæki og er sjöunda hljóðversplata hennar væntanleg á vegum þess í apríl.



Die Hard í fimmta sinn

Framleiðsla á fimmtu Die Hard-myndinni er fyrirhuguð á næsta ári er haft eftir aðalleikaranum Bruce Willis. Hann telur mögulegt að sögu-sviðið verði ekki í Bandaríkjunum. „Við verðum að fara með þessa mynd vítt um heiminn,“ sagði Willis. Aðdáendur löggunnar og harðjaksins Johns McClane geta því farið að spenna beltin fyrir enn eina rússíbanareidina. Þrjú ár eru liðin síðan fjórða myndin í seríunni, Live Free or Die Hard, kom út við góðar undirtektir. Þá voru tólf ár liðin frá gerð þriðju myndarinnar, Die Hard: With A Vengeance.



ALVEG EINS

Vel fór á með sjónvarpsmanninum **Jóni Ársæli Þórðarsyni** og klóninu hans fyrir utan Útvarpshúsið í gær. Svo gott er gervi **Pálma Gestssonar** að varla má á milli sjá hver hinn raunverulegi Jón Ársæll er. Sjónvarpsmaðurinn góðkunnur hafði mjög gaman af upptökunni og hló að tilburðum Pálma.



JÓN ÁRSÆLL HITTI KLÓNIÐ SITT

Spaugstofan verður í sviðsljósinu í Sjálfstæðu fólki hjá Jóni Ársæli Þórðarsyni næsta sunnudag. Pálmi Gestsson brá sér í gervi Jóns í gær og mátti ekki á milli sjá hvor væri hvað.

„Það var gaman að hitta Jón. Hann kom og spjallaði við okkur hvern í sínu lagi. Svo brá ég mér bara í hans gervi og hann hitti klónið af

sér,“ segir Pálmi Gestsson. „Hann hafði mjög gaman af þessari upptöku. Ég held hann hafi það yfirleitt enda engir alvöru menn nema það sé hægt að herma eftir þeim eitthvað.“

Pálmi hefur túlkað Jón Ársæll með reglulegu millibili í gegnum árin og gert það með miklum sóma eins og honum einum er lagið. Spurður hvort ekki hafi verið löngu kominn tími á að Spaugstofan væri tekin fyrir í Sjálfstæðu fólki kemur hik á Pálma: „Er það ekki að ofgera

hlutunum ef við erum að þvælast á öðrum stöðvum.“

Fregnir um að Spaugstofan ætli að hætta í vor eru orðum auknar að sögn Pálma. „Þetta er ekkert öðruvísi en það hefur alltaf verið. Það hefur alltaf komið í ljós seint bæði af okkar hálfu og Útvarpsins hvort það væri tilefni til að halda áfram. Það hefur verið þannig í 21 ár,“ segir hann.

Spurður hvort þeir félagar hafi ekki áhuga á að halda áfram segir Pálmi: „Við höfum verið að kasta

því á milli okkar. Á meðan ástandið er svona og fólk vill horfa á okkur og við höfum gaman af þessu erum við alltaf til í að skoða það. En það er engin sálhjálp fyrir okkur í sjálfu sér. Auðvitað skilur maður að Útvarpið er í kröggum eins og önnur fyrirtæki og það verður að skoða sín mál til að vita hvað það getur tekist á við.“

Nokkrir þættir eru eftir af Spaugstofunni á þessu vori. Síðasti þátturinn verður að öllum líkindum sýndur í lok apríl. freyr@frettabladid.is

Ný og persónuleg jógastöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið

hefst 1. mars. Skráning hafin í síma

695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org

- Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
- Krakkajóganámskeið



Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggisport.

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggisport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org

Elskaði aðeins Sam

Leikkonan Lindsay Lohan veitti breska götutímaritinu The Sun viðtal fyrir stuttu. Viðtalið var birt í tveimur hlutum og ræddi leikkonan meðal annars um fíkniefnavanda sinn, erfiða æsku og um samband sitt við plötusnúðinn Samönthu Ronson.

„Ég hafði aldrei láðast að konum áður en ég kynntist Sam. Þetta gerðist bara og það kom mér á óvart. Við erum enn í sambandi, við búum í sömu byggingu í Los Angeles og rekumst því oft á hvor aðra. Hún hefur alltaf verið ein af mínum nánustu vinkonum og ef hún væri ekki inni í myndinni þá væri ég líklega með karlmanni. Hún er eina konan sem ég hef getað hugsað mér að vera með. Við elskum hvor aðra og það eru líkur á að við munum einhvern tímann ná aftur saman,“ sagði Lohan.

Leikkonan telur að fjölskylda Ronson hafi aldrei tekið sig í sátt og hafi það haft slæm áhrif á sambandið. Hún segir jafnframt að þær hafi átt saman fleiri góðar stundir en slæmar, en að fjölmiðlar hafi aðeins flutt fréttir af því sem miður fór. „Góðu stundirnar voru fleiri en þær slæmu. Það skiptast á skin og skúr, það er eðlilegt. En þegar maður er opinber persóna þá hafa fjölmiðlar meira gaman af því að einblína á það sem er slæmt og blása það upp og láta líta svo út að hlutirnir séu verri en þeir eru.“



ELSKAÐI RONSON Leikkonan Lindsay Lohan veitti bresku tímariti viðtal þar sem hún spjallaði meðal annars um samband sitt og Samönthu Ronson.

MYND/NORDICPHOTO



FRÍÐRIK ÓMAR Friðrik ætlar að halda átta Elvis-tónleika vegna mikillar eftirspurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Friðrik Ómar með átta Elvis-tónleika

Söngvarinn Friðrik Ómar ætlar að halda átta Elvis-tónleika í viðbót vegna mikillar eftirspurnar. Friðrik hélt þrenna tónleika í Salnum í Kópavogi í síðustu viku og seldist upp á þá alla.

Sex af tónleikunum verða í Salnum og hefjast þeir fyrstu 4. mars. Einir tónleikar verða í Miðgarði í Varmahlíð 11. mars og kvöldið eftir verður Friðrik ásamt föruneyti í Sjallanum á Akureyri. Miðasala hefst á Midi.is á fimmtudag. Sem fyrr verða flutt öll helstu lög Elvis, þar á meðal Jailhouse Rock, Love Me Tender og Can't Help Falling in Love.

Óður um ástandið

Leikhús ★★ ★

Ufsagrýllur

Eftir Sjón

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu

Leikarar: Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hjálmar Hjálmarsson, Erling Jóhannesson, Birna Hafstein, Orri Huginn Ágústsson, Magnús Örn Sigurðsson, Huld Óskarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Halldór Magnússon, Júlía Hannam, Magnús Örn Sigurðsson, Rúnar Örn Marinósson. **Leikmynd:** Móeiður Leifsdóttir. **Búningar:** Myrra Leifsdóttir. **Leikgervi:** Ásta Hafþórsdóttir. **Tónlist/hljóðmynd:** Stilluppsteypa. **Grimur:** Þórður G. Þorgeirsson. **Kvikmynd og vinnsla mynda:** Guðbergur Davíðsson, Konráð Gylfason. **Ljósmyndun:** Snorri Gunnarsson.

Endurhæfing og tilraunaspítali. Hrottalegar fangabúðir og hver er ábyrgur fyrir þeim? Urðu heilar þeirra, sem svindluðu og bröskudu, átu gull og tróðu kókaíni í nefið á sér, að hnoðmör? Það eru margar áleitnar spurningar sem fléttast inn í þau ótal atriði sem fyrir augu ber í sýningunni Ufsagrýllur.

Meðan þulið var hér upp úr guðspjalli græðginnar voru svo kallaðar leiðtogabækur vinsælar. Nú eru þær jafn hallærislegar og legghlífar leikfímiskynslóðarinnar. Við hefur tekið nýtt listform eða ismi í bókmenntum og leikritaskrifum, hrunflæði. Líklega munu fræðimenn framtíðar líta á þetta sem einhverja hrynjandi og svar með flottum viðskeytum. Í Hafnarfjarðarleikhúsinu er hrúnið sviðsett með mörgum samsettum myndum

í sýningu Lab Loka-hópsins undir styrkri stjórn Rúnars Guðbrands-sonar. Það er texti eftir ljóðskáldið Sjón sem liggur til grundvallar, texti sem á köflum snerist gegn sjálfum sér þannig að framganga verksins leið fyrir það.

Leikmyndin þjónar ekki aðeins gangi mála heldur er hún ógnvaldur í sjálfu sér. Verur í búrum og lýsingar eða skuggavarp inn í búrin í upphafi lifir svo áfram í öllum leiknum. Þessi köflótti bakgrunnur varð á stundum eins og flísalagður veggur í sterilu sjúkrarými. Þar voru einnig alls kyns tæki og tól sem leiddu hugann á þær slóðir. Lýsingin fyrir ofan búraröðina tók allan tímann þátt í leiknum. Það er Garðar Ólafsson sem útfærði hana.

Fyrir svo utan að samviskan, draugurinn eða hinn innri maður sem birtist við hlið Veigars var bæði töfrandi og svolítil galdur í sjálfu sér. Það var engu líkara en að hreyfanleg glansmynd lifði undir skikkju verunnar. Það var bæði heillandi og smart. Hljóðmyndin var allan tímann ógnandi og jók á áhrifamátt verksins.

Verkið er byggt upp af atriðum sem í byrjun virðast algerlega laustengd en þegar á líður límast saman, þó sú líming hafi nú tekið nokkurn tíma í upphafi. Óskrandi marbendlar, sæskrímsl eða uppvakningar brjótast út úr búrum sínum með ógnarlátum og vaktmenn tilraunaspítalans verða að hafa grímur og hanska til þess að verða ekki fyrir eitrun. Yfirlæririnn Móra er snemma kynnt til leiks, hún er eins og ýkt mynd af Helgu úr Allo allo sjónvarpsþáttunum um frönsku andspyrnuhreyfinguna. Hún er látin tala með þýskum hreim, sem er ofnotuð klisja en Birna Hafstein er bisperrt og kraft-



UFSAGRÝLLUR Í HAFNARFIRÐI „Verkið er byggt upp af atriðum sem í byrjun virðast algerlega laustengd en þegar á líður límast saman,” segir í umsögn Elísabetar Brekkan.

mikil í þessu eintóna hlutverki og á köflum nokkuð fyndin. Aðalbjörg Árnadóttir, sem leikur Nínu eigin konu fórnarlambins og frama-gosans Veigars Mar, nær að heilla áhorfendur upp úr skónum í eintali sínu um það líf sem hún og eiginmaðurinn höfðu lifað áður. Hlutverk hennar er líka af höfundarins hendi þannig að auðveldast er að ljá því kjöt á beinin.

Blásið er til mikillar veislu í Þjóðmenningarhúsinu þar sem svinin koma saman. Með galtargrímur birtist þar skikkjuklætt fólk og einn af aðalgöltunum er gestgjafi kvöldsins og kynnis söngvara sem

hann hefur flutt inn frá útlöndum. Erling Jóhannesson bregður upp grátbroslegri mynd af þessu útjaskaða smámenni, leikur hans og gervi með nösina blæðandi var frábær. Eins var Árni Pétur Guðjónsson mjög sterkur í hlutverkinu á grímuballinu, það var líkt og röddin kæmi úr djúpum helli slíkur var styrkurinn.

Orri Huginn Ágústsson fer með hlutverk Veigars Mars sem sigldi öllu í strand en hafði verið svo smart í fylgd forseta og frama-gosa. Hann er fangi í eigin líkama spastískur og heilablaður og fyrst og fremst minnislaus. Það er alveg greinilegt hvert höfundur vill hér fara með þessum atriðum og Orri skilaði þessu hlutverki vel en atriðin voru bara allt of löng.

Hjálmar Hjálmarsson er flottur sem Georg skipstjóri, skipstjóri á skipi sem siglir undir fölsku flaggi. Allur sá kafla hefði þó mátt missa sín, en það er jú sem kunnugt er ótrúlega erfitt að slátra góðum eigin hugmyndum. Hverjar eru þessar ufsagrýllur? eru það afturgöngur sem sitja klovvega uppi á burstum bæja okkar, eru það við eða þið, hverjir eru hinir seku?

Leikhópurinn Lab Loki hefur hér sett saman áhugaverða sýningu, gervin voru þrekvirkir, búningar flottir, minnið um hænuna sem verpir gullegginu fær sinn sess í stólpípukaflanum þar sem menn bíða í ofvæni eftir að geta leitað að gulli í lortinum sem er svo fallega um talað að hann verður að lordi eða lávarði. Grímur Þórðar G. Þorgeirssonar voru mjög góðar og þjónuðu verkinu.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Mikilið er lagt í þessa margbreytilegu sýningu.



Sjávarkjallariinn

býður nú uppá einstakt tækifæri til að upplifa exótíska matargerð að hætti meistarakokksins

Kingshuk

Dəy sem kemur frá einum virtasta veitingastað

Lúndúnaþorgar. **L'Étranger**

en hann verður gestakokkur okkar dagana 24.-28. febrúar

Aðalstræti 2
101 Reykjavík

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 511-1212
Sjá matseðil á www.sjavarkjallariinn.is

sjávarkjallariinn
seafood cellar restaurant

NÝTT Í BIÓ LAUGARÁS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★★★
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI

★★★★★
THE WOLFMAN

★★★★★
THE LIGHTNING THIEF

★★★★★
EDGE OF DARKNESS

★★★★★
IT'S COMPLICATED

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|--------------------------|----------------|----|
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 7 og 10 | 14 |
| THE WOLFMAN | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.40 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 og 8 | 12 |

2 tilnefningar til ÓSKARS VERÐLAUNA

Besti leikari í aðalhlutverki Morgan Freeman
Besti leikari í aukahlutverki Matt Damon

Tilnefnd til 2 Golden Globe
Best Actor - Tobey Maguire
Best Supporting Actor - "Winter" - Oz

Frá framlieðandanum **Bjúgjörð Ólghvessvini** kemur ein af stórmyndum ársins

BROTHERS ★★★★★
"The best movie I've seen in 2009. Tobey Maguire gives the performance of his career. Natalie Portman deserves an Oscar nomination."
Richard Roeper, rickardroeper.com

★★★★★
"Brothers is arguably the most successful remake of a foreign film since Martin Scorsese's reworked Infernal Affairs into The Departed."
@brothers - James B

PRETTÝ WOMAN

FRÁ SAMAN LEIKSTJÓRA OG FÆRRI ÖKUR

VALENTINE'S DAY
FRÁBER GAMANSSÍMU OG RÓMÁNTISK MYND
SUMIR ERU HEPPNIR Í ÁSTUM AÐRIR EKKI!

INVICTUS

TOY STORY 2 3D
Sýnd með íslenskri tali

CARMEN

| SAMMIÐJA ALFABAKKA | SAMMIÐJA KRINGLUNNI |
|--|--------------------------------------|
| BROTHERS kl. 5:50 - 8 - 10:20 | BROTHERS kl. 8:10D - 10:30D |
| VALENTINE 'S DAY kl. 5:30D - 8D - 10:40D | INVICTUS kl. 5:30 - 8 - 10:40 |
| VALENTINE 'S DAY kl. 8 - 10:40 | VALENTINE 'S DAY kl. 10:10D |
| THE WOLFMAN kl. 8 - 10:20 | MAYBE I SHOULD HAVE kl. 6 |
| TOY STORY 2 M/isl.tali kl. 5:50(3D) | CARMEN OPERA kl. 6 |
| THE BOOK OF ELI kl. 10:20 | AKUREYRI |
| AN EDUCATION kl. 5:50 | BROTHERS kl. 10:20 |
| UP IN THE AIR kl. 5:50 VIP - 8 | VALENTINE 'S DAY Sýnd á morgun kl. 8 |
| SHERLOCK HOLMES kl. 8 - 10:40 | THE BOOK OF ELI kl. 8 |
| B.JARNFREDARSON kl. 5:50 | SHERLOCK HOLMES kl. 10:20 |
| | CARMEN OPERA kl. 6 |

NÝTT Í BIÓ!

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON

★★★★★
H.K. Bítíð á Bylgjunni
★★★★★
p.p. - Fbi T.V. - kvikmyndir.is

LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACÉ
LUXUS 14

9 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR
M.A. BESTA MYND OG BESTI LEIKSTJÓRI

H.S.H. - Mbl T.V. - kvikmyndir.is

THE WOLFMAN 16
THE LIGHTNING THIEF 10
EDGE OF DARKNESS 16
SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 3D kl. 3:40 - 5:50 ísl.tal
SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D kl. 3:40 - 5:50 ísl.tal
AVATAR 3D kl. 8
ALVIN OG IKORNARNIR 2 kl. 3:30 íslensktal

113.000 GESTIR!

THE WOLFMAN 16
THE LIGHTNING THIEF 10
IT'S COMPLICATED 12
MAMMA GÓGÓ kl. 6
ALVIN OG IKORNARNIR 2 kl. 6-9:20

| SMÁRRA BIÓ Sími 564 0000 | HÁSHÖLA BIÓ Sími 530 1919 |
|--|-------------------------------------|
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 5-8-11 | LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 5-8-11 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 5-8-11 LUXUS | THE WOLFMAN kl. 8-10:30 |
| THE LIGHTNING THIEF kl. 5:30-8-10:30 | THE LIGHTNING THIEF kl. 5:30 |
| EDGE OF DARKNESS kl. 8-10:30 | IT'S COMPLICATED kl. 8-10:35 |
| SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 3D kl. 3:40-5:50 ísl.tal | MAMMA GÓGÓ kl. 6 |
| SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D kl. 3:40-5:50 ísl.tal | AVATAR 3D kl. 6-9:20 |
| AVATAR 3D kl. 8 | |
| ALVIN OG IKORNARNIR 2 kl. 3:30 íslensktal | |

BORGAR BIÓ Sími 462 3500

| | |
|----------------------------------|----------------------------------|
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 6-9 | LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 6-9 |
| THE WOLFMAN kl. 10:10 | THE LIGHTNING THIEF kl. 8-10:30 |
| THE LIGHTNING THIEF kl. 8 | IT'S COMPLICATED kl. 8-10:30 |
| ARTÚR 2 kl. 6 | NINE kl. 8-10:30 |
| | NIKULÁS LITLI kl. 6 |

REGNBÖGGINN Sími 551 9000



STURLAUGUR JÓN BJÖRNSSON Sturlaugur er meistari bæði í hornleik og bjórgerð. Hér stendur hann við brugggræjurarnar í Ölgerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bruggar og spilar á horn

Sturlaugur Jón Björnsson er með meistaragráðu í hornleik og starfar sem bruggmeistari hjá Ölgerðinni. Sannarlega óvenjuleg blanda hjá þessum 27 ára Keflvíkingsi.

Sturlaugur Jón útskrifaðist með meistaragráðu í hornleik frá Boston-háskóla árið 2005 og ætlaði að helga sig tónlistinni. En nú hefur hin ástríðan hans, bjórgerð, tekið yfir því á síðasta ári hélt hann aftur til Bandaríkjana og lærði bjórgerð í Kaliforníu. Í dag starfar Sturlaugur sem einn af bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Hann grípur þó enn þá í hornið og stígur til dæmis á svið í Háskólabíói annað kvöld þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur sínfóníu nr. 7 eftir austurríska tónskáldið Anton Bruckner.

Sturlaugur heillaðist upp úr skónum af björnum þegar hann dvaldi í Boston og sá að þarna var eitthvað á ferðinni sem hann vildi læra meira um. „Ég var úti í hljóðfæranámi en mestallur tíminn fór í að pæla í bjór,“ segir hann. „Ég hafði lengi haft áhuga á þessu og svo kynntist maður bjórmenningunni, þessari microbrugg-menningu sem er úti í Bandaríkjunum. Margir kannast við þetta eftir að hafa verið í útlöndum. Þetta eru til dæmis lítill brugghús sem oft framleiða og veita á sama stað.“

Hann segir að stundum hafi gætt misskilnings hjá almenningsi varðandi bjórmenninguna í Bandaríkjunum. „Þegar maður segist hafa verið að læra ölgerð í Bandaríkjunum segja sumir að þeir kunni ekki að brugga. En mér finnst þeir vera á meðal þeirra framsæknu á þessu sviði, listrænni ölgerð, í öllum heiminum.“

Námið í Kaliforníu var mjög skammtilegt að mati Sturlaugs. „Ég kynntist þarna helling af

á hugaverðu fólki. Ég var lærlingur um tíma hjá Vinnie Cilurzo, eiganda og bruggmeistara Russian River-brugghússins, sem framleiðir vel metna bjóra í bandarískum og belgískum stílum.“

Astríða hans fyrir bjór kviknaði þó fyrst þegar hann var staddur í Þýskalandi árið 2001. „Ég smakkaði þar minn fyrsta Hefeweizen-hveitibjór og það var mín fyrsta almennilega upplifun. Upp frá því varð ekki aftur snúið.“ Núna er hann í draumastarfinu sínu við að framleiða bjór af ýmsum toga. Lítið brugghús var nýverið reist í Ölgerðinni og þar getur hann prófað sig áfram við að framleiða nýjar tegundir ásamt samstarfsfélaganum sínum, Guðmundi Mar Magnússyni.

„Þetta er allt í startholunum. Það er margt mjög spennandi að fara að gerast þar og að sjálfsgöðu verðum við að sjá til þess að gæðin séu í lagi,“ segir Sturlaugur.

freyr@frettabladid.is



Sæktu um Staðgreiðslukort Olís og njóttu betri kjara

Alltaf með Staðgreiðslukortinu:

- 3 kr. afsláttur af eldsneytislitranum frá dæluverði.
- 2 kr. (1,5%) afsláttur í forni Vildarpunkta Icelandair.
- 5% afsláttur af vörum, nema tóbaki, tímaritum, simakortum og happdrætti.

-3kr. +Vildarpunktur Icelandair

Dú getur sótt um Staðgreiðslukortid á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

Við höldum með þér!

olis

INTER

Í kvöld

★★★★★★★★★★

V

★★★★★★★★★★

kl. 19:30

CHELSEA

Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Í KVÖLD

19:30 CSKA MOSKVA - SEVILLA



{ HEIMAVÖLLURINN ÓDÝRARI }
{ OG FYRIR ALLA FJÖLSKYNNINGUNA }

ALGJÖRT DAUÐAFÆRI!

ÞÚ FÆRD MEIRA FYRIR PENINGINN Á HEIMAVELLI

HEIMAVÖLLUR

Veitingarnar heima hjá þér eru ekki bara ódýrari heldur líka nákvæmlega eins og þú vilt hafa þær.



ÚTIVÖLLUR

2 BJÓRAR Á BAR 1.700 KR.
1 HAMBORGARI 1.360 KR.
1 FÓTBOLTALEIKUR
SAMTALS 3.060 KR.*

* Medalverð hjá þremur sportbörum á höfuðborgarsvæðinu

★★★★★★★★★★

5.650 KR

ÁSKRIFTARTILBOÐ

★★★★★★★★★★

Á MÁNUDI Í 3 MÁNUDI

★★★★★★★★★★

12.240 KR

4 LEIKIR Í MÁNUÐI

★★★★★★★★★★

4 FERDIR Á BARINN Á MÁNUDI

ÞAD ÞURFA

ALLIR
AD EIGA SINN
HEIMAVÖLL

★★★★★★★★★★

ÞOKKALEGT
BURST!

★★★★★★★★★★

HEIMAVÖLLURINN VINNUR ALLTAF!

ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT Í SÍMA 512-5100



VIÐHALD 2010

VETRARGARÐINUM, SMÁRALIND 5.- 6. MARS

Glæsileg sýning um viðhaldsmál



Allt um viðhaldið á einum stað fyrir þig

Sýningin Viðhald 2010 verður stórglæsilegt upplýsingatorg þar sem einstaklingar, húsfélög og húseigendur fá svör við spurningum um allt það sem lýtur að viðhaldsmálum. Fjöldi fyrirtækja og opinberra aðila veita upplýsingar um allt sem þig vantar að vita.

100% endurgreiðsla á vsk. út árið 2010

Þú færð allan virðisaukaskatt af vinnulið vegna viðhalds á húsnæði endurgreiddan. Löggin eru í gildi út árið 2010. Það munar um minna. Komdu og fáðu frekari upplýsingar.

Vissir þú að 47% alls íbúðarhúsnæðis í Reykjavík er byggt fyrir 1970! 40 ára gömul hús eru komin á tíma. Það er verk að vinna.

Sýningardagar:

föstudagur 5. mars frá kl 16 - 19.
laugardagur 6. mars frá kl 11 - 17.

Vetrargarðurinn í Smáralind
Enginn aðgangseyrir - allir velkomnir!

Vilt þú kynna þína þjónustu? Skráðu þitt fyrirtæki strax í dag!

Vertu hluti af öflugum hópi fagaðila sem kynna sig og sína þjónustu. Viðhald 2010 verður glæsilegt upplýsingatorg þar sem sýningargestir fá ráðgjöf, upplýsingar um viðhaldsmál og tilboð.

Skráning á www.vidhald2010.is

Fáðu upplýsingar hjá fjölda fyrirtækja og fagmanna um greiningu, réttindi og skyldur, tilboðsgerð, framkvæmd, eftirlit og ábyrgð. Þú færð svörin á Viðhald 2010. Eftirtaldir aðilar og fleiri, verða á sýningunni og veita upplýsingar.



Bakhjarlar:



Aðalstyrktaraðili:



vidhald2010.is - vidhald2010@internet.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30

Inter - Chelsea

Einn af stórleikjum 16-liða úrslita Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld þegar lærisveinar José Mourinho í Inter taka á móti Chelsea á San Siro í Milanó. Þetta er í fyrsta skipti sem Jose Mourinho mætir liði Chelsea síðan hann yfirgaf félagið fyrir tveimur árum en þá hafði Chelsea tvívegis náð Englandsmeistararitili undir hans stjórn. Bæði liðin hafa átt góðu gengi að fagna heima fyrir í vetur en Inter trónir á toppi ítölsku deildarinnar og á sama tíma er Chelsea á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.



VIÐ MÆLUM MEÐ Kokkalíf

INN kl. 20.00

Í kvöld hefst hjá sjónvarpsstöðinni INN þátturinn Kokkalíf þar sem fylgst er með störfum landsliðsmanna kokkalandsliðsins. Í fyrsta þættinum mun landsliðskokkurinn Gunnar Karl Gíslason á veitingastaðnum Dill fræða okkur um salatgerð og Síggi Hall segir frá því helsta sem tengist Food and Fun-hátíðinni sem hefst einmitt í kvöld.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vött og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Trío
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútlarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Orð skulu standa

14.03 Tónleikur
15.03 Útlarpssagan: Brúin á Drinu
15.25 Seiður og héglog
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Mýtur um ástralskar kvenhetjur
21.10 Út um græna grundu
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Bak við stjórnumar
23.10 Sveitarstjórnarmál - kjörandi kvenna
00.05 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó FM 95,7 FM957 FM 99,4 Útlarp Saga
FM 90,1 Rás 2 FM 96,3 FM Suðurland FM 102,2 Útlarp Latibær
FM 90,9 Gullbylgjan FM 96,7 Létt Bylgjan FM 102,9 Lindin
FM 91,9 Kaninn FM 97,7 X-ið FM 105,5 Útlarp Boðun
FM 93,5 Rás 1 FM 98,9 Bylgjan

EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Falcon Crest (4:18) Hin ógleymanlega og hrifandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum. Lífið á vínbúgöðunum í Toscaný-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

18.35 Seinfeld (20:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

19.00 The Doctors

19.45 Falcon Crest (4:18)

20.35 Seinfeld (20:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

►21.50 Modern Family (4:24) Gamanþáttur um þrjár ólíkar fjölskyldur. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.

22.15 Bones (3:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

23.00 Hung (8:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO um Ray Dreck-er, skólalíðspjálfa á fimmtugsaldri sem reynir fyrir sér á nýjum vettvangi og selur einmana konum blíðu sína.

23.30 Entourage (5:12)

00.00 Fréttir Stöðvar 2

00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.45 Waterloo Road 11.35 Only Fools and Horses
12.30 The Green Green Grass 13.00 My Hero
13.30 Doctor Who 14.15 New Tricks 15.05 Extras
15.35 Dalziel and Pascoe 16.25 Waterloo Road
17.15 EastEnders 17.45 The Weakest Link 18.30
My Hero 19.00 Little Britain 19.30 Spooks 20.20
Holby Blue 21.10 Little Britain 21.40 Only Fools
and Horses 22.30 The Green Green Grass 23.00
My Hero 23.30 Holby Blue

DR 1

13.30 Kender du typen 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy
15.30 Dragejægerne 15.55 Kæledyr for viderekomne
16.00 Vinter OL Studiet 16.30 Hulter til bult-er - med Louise og Sebastian 17.00 Aftenshowet
17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret
18.30 Hvad er det værd? 19.00 Kronprinsparrets nye hjem
20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 Vinter OL Studiet 21.15 Vinter OL
22.30 Onsdags Lotto 22.35 Livvægerne 23.35 Vinter OL

NRK 1

12.00 OL hoydepunkter 13.00 OL hoydepunkter
14.00 NRK nyheter 14.10 OL hoydepunkter
14.30 OL hoydepunkter 16.00 NRK nyheter 16.10
Herskapelige gjensyn 16.40 Oddasat - nyheter på samisk
16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Distriktsnyheter
17.20 OL direkte 18.00 Dagsrevyen 18.40 OL direkte
21.15 OL direkte 22.00 Kveldsnytt 22.15 Vikinglotto
22.20 OL direkte 22.45 OL studio 23.45 OL direkte

SVT 1

10.00 OS i Vancouver 16.00 OS i Vancouver
17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter
17.15 Olympiska vinterstudion 18.00 Kulturmyheterna
18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi
19.00 OS i Vancouver 23.00 OS i Vancouver

SKJÁREINN FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA



SkjárEinn býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af upphaldsþættinum þínum á SkjárEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með SkjáFrelsi. Áskriftin færir þér aðgang

að þúsundum nýrra og klassískra blómunda í SkjáBíói og frábæru úrvali af ókeypis barnæfni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir 60 erlendum sjónvarpsrásum.



EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

Veldu áskrift á skjareinn.is: Skjáreinn 2.200 kr. | Allt 5.200 kr. | Skjáreinn + Allt 7.400 kr.

SKJÁREINN + ALLT 7.400 KR. Á MÁN.



SKJÁREINN & SKJÁRFRELSI

SKJÁRBÍÓ VOD



SkjáBÍÓ VOD, SkjáFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ færst aðgangur að SkjárEinum og SkjáFrelsi.

ENEMM / SIA / NM40689



&



KYNNA:

SVERRIR ÞÓR SVERRISSON

ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON



Algjör Sveppi

Dagur í lífi stráks

Eftir **Gísla Rúnar Jónsson**

Byggt á barnaplötunni Algjör Sveppur: dagur í lífi stráks

Leikstjórn: **Felix Bergsson**

laugardaginn 27. feb. KL. 13.00 **uppselt**
laugardaginn 27. feb. KL. 16.00 **örfá sæti laus**
sunnudaginn 7. mars KL. 13.00



„Ekkert var skemmtilegast, allt var skemmtilegt, var niðurstaðan hjá sex ára gamalli stelpu.“

Elísabet Brekkan, Fréttablaðið

„Þetta er dýrindis skemmtun og mér segir svo hugur að henni verði ekki hætt fyrr en öll íslensk börn á réttum aldri verða búin að sjá hana.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is (Tímarit Máls og menningar)

Um Orra Huginn Ágústsson:

„...breytist og blekkir á svípstundu aftur og aftur eins og ekkert sé, útsmoginn í raddbeitingu...syngur vel og og ber enn betur fram...Leikur af einlægni og trúmennsku.“

Guðmundur S. Brynjólfsson, Morgunblaðið

„Sveppi leikur mikið fram í salinn og ekki stóð á svörum frá krökkunum. Þau lifðu sig inn í atburðarásina.“

Bryndís Schram á Pressunni

Á þakinu



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Góðverk dagsins!

Kynntu þér málið nánar á **visir.is**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ríkið í stjórn Viðskiptaráðs

Hörður Arnarson, sem áður var forstjóri Marels, hefur lengi verið viðloðandi Viðskiptaráð Íslands og sat til að mynda í stjórn þess tímabilið 2006 til 2008. Árið 2008 ályktaði Viðskiptaráð gegn frumvarpi að orkulögum. Í erindi ráðsins var reifuð sú kunna skoðun þess að öll opinber orkufyrirtæki eigi að einkavæða. Á dögum var svo ný stjórn Viðskiptaráðsins skipuð. Þar sneri aftur tédur Hörður, sem er nú orðinn forstjóri Landsvirkjunar, orkufyrirtækis í eigu ríkisins.



Eitt hlutverk Viðskiptaráðs er að vera „málsvari gagnvart hinu opinbera“. Hvernig kemur þetta allt heim og saman? - kóp

Beint á toppinn

Harðskafi, spennusaga **Arnaldar Indriðasonar**, fór beint í efsta sæti metsölulista franska blaðsins L'Express í síðustu viku. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá njóta bækur Arnaldar jafnan mikilla vinsælda á meginlandi Evrópu. Ekki er til að mynda óalgengt að margar bóka hans séu samtímis á frönskum metsölulistum. Þetta er þó í fyrsta skiptið sem Arnaldur stekkur beint í fyrsta sætið.



Alþýðleg stjarna

Fréttablaðið hefur síðustu vikuna sagt frá heimsókn danska stórleikarans **Viggo Mortensen** hingað til lands. Hann ferðaðist um Vestfirði en hefur síðustu daga verið í höfuðborginni og gisti á Hótel Holti. Um helgina skrapp Mortensen að Jökulsárlóni en sneri svo aftur á mölina, spásseraði um Kolaportíð



og skoðaði grannt í sölu-básana. Ekki fer sögum af því hvað hann keypti en leikarinn mun hafa verið mjög alþýðlegur og heilsaði upp á þá sem gáfu sig á tal við hann. - hdm

Mest lesið **visir.is**

- 1 Starfsmenn á plani í útrýmingarhættu
- 2 Þjóðin vill ekki að Jóhannes í Bónus fái að kaupa í Högum
- 3 „Þyrftu að breyta nafninu í fávitafélagið Nýtt Ísland“
- 4 Kastaði glasi í ranga konu
- 5 Var með klám í tölvunni – segir málið einn stóran misskilning



EH Elektro Helios

AEG

530 2800

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!

ORMSSON

VERSLANIR UM LAND ALLT



Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum aftur **ÓTRÚLEG KJÖR** á öllum King Koil heilsurúmum.

Það þýðir **UMTALSVERDA LÆKKUN** af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

Komdu og fáðu þér hágæða heilsurúm á ótrúlegu verði.

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

CORSICA

- 7 sveðaskipt svefnsveði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak og önnur vitkvæm sveði líkamans
- Tívhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsveða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CORSICA
Queen size (153x203)

249.636 kr.

KK-TILBOÐ
174.000 kr.
= 75.636 kr. AFSLÁTTUR!

GRAND HAVEN

- 7 sveðaskipt svefnsveði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsveði er úr þrýstjofmunarsvampi og latexi sem skorid er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Studningur við bak og önnur vitkvæm sveði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

GRAND HAVEN
Queen size (153x203)

421.303 kr.

KK-TILBOÐ
269.000 kr.
= 152.303 kr. AFSLÁTTUR!

AMELIA


- 5 sveðaskipt svefnsveði
- 3 sveðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak
- Tívhert sérvalið stál í gormum
- Steyptir kantar
- Þarf ekki að snúa

AMELIA
Queen size (153x203)

159.451 kr.

KK-TILBOÐ
109.312 kr.
= 51.451 kr. AFSLÁTTUR!

FERMINGARTILBOÐ
30% AFSLÁTTUR!



AMELIA
(135x203)

Verð 142.500 kr.

FERMINGARTILBOÐ

99.750 kr.

AMELIA
(97x203)

Verð 132.267 kr.

FERMINGARTILBOÐ

92.586 kr.

COMFORT ZONE

- 5 sveðaskipt svefnsveði
- 5 sveðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrýstjofmunarsvampi í svefnsveði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

COMFORT ZONE
(97x200)

Verð 151.647 kr.

FERMINGARTILBOÐ

106.152 kr.

COMFORT ZONE
(120x200)

Verð 179.833 kr.

FERMINGARTILBOÐ

125.883 kr.

rekkjan

HEILSURÚM